<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>6,7</b>	<b>52,6</b>	<b>45,9</b>
Fjármunahreyfingar .....	3,0	-65,5	-68,5
<b>Hreinn lánsfjárjöfnuður .....</b>	<b>9,7</b>	<b>-12,9</b>	<b>-22,6</b>

**Breytingar á sjóðstreymi ríkissjóðs.** Endurskoðuð áætlun um sjóðstreymi felur í sér talsvert miklar breytingar á fjármunahreyfingum og lánsfjárráðstöfunum ríkissjóðs frá því sem áformað var í fjárlögum. Nú eru horfur á að handbært fé frá rekstri ríkissjóðs verði tæplega 53 milljarðar króna á árinu 2007. Sú útkoma er nærri 46 milljörðum króna betri árangur en gert var ráð fyrir í fjárlögum þrátt fyrir um 11 milljarða hækkun á rekstrarliðum sem ekki teljast til sjóðstreymis og dragast því frá tekjuafganginum. Þar af eru 4 milljarðar gjaldfærsla á afskrifuðum skattkröfum og um 6 milljarðar hagnaður af sölu eigna. Þá er áætlað að ústreymi vegna fjármunahreyfinga verði um 65,5 milljarðar króna en við setningu fjárlaga var gert ráð fyrir 3 milljarða innstreymi þannig að viðsnúningurinn nemur um 68,5 milljörðum. Skýrist það að mestu af auknum eiginfjárframlögum og kaupum og sölu á eignarhlutum. Mest munar um 44 milljarða af innistæðum ríkisins í Seðlabankanum sem ákveðið var að nýta til að styrkja eiginfjárstöðu bankans í ljósi þeirrar miklu stækkunar sem orðið hefur á fjármálamarkaðinum hér á landi undanfarin misseri. Í öðru lagi færast á þetta ár 30,3 milljarða króna kaup á eignarhlutum sveitarfélaga í Landsvirkjun, sem gert hafði verið ráð fyrir að færð yrðu til bókar á árinu 2006 eins og fram kom í fjárukaulögum fyrir það ár. Í þriðja lagi er um að ræða 1.200 m.kr. stofnfjárframlag til Byggðastofnunar vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar í tengslum við aflasamdrátt og 400 m.kr. hluta-fjárukningu í félaginu e-Farice vegna lagningu nýs ljósleiðarastrengs til Evrópu. Á móti vegur að sala á eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja skilar ríkissjóði 7,2 milljörðum króna. Þessu til viðbótar verða veitt lán úr ríkissjóði 525 m.kr. minni en áformað var en á móti verða afborganir í ríkissjóð af veittum lánnum lægri en áætlað var í fjárlögum. Að samantölögðu verður lánsfjárfjöfnuður neikvæður um nálægt 13 milljarða króna í stað tæplega 10 milljarða afgangssamkvæmt fjárlögum. Við það bætist 4 milljarða króna framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem er óbreytt frá fjárlögum. Þá breytist fjármögnun ríkissjóðs á þá leið að greiddir eru niður 1,8 milljarðar króna af skuldum umfram áætlun fjárlaga og að lántökur eru auknar um 30,9 milljarða. Sú lántaka er svo til öll vegna kaupa á eignarhlut í Landsvirkjun. Gangi þessar áætlanir eftir mun staða ríkissjóðs við Seðlabankann batna um 9,5 milljarða króna sem er 5,6 milljörðum meira en í forsendum fjárlaga.

Vakin er athygli á því að fjárheimildirnar sem gerð er tillaga um í 1. gr. frumvarpsins eru um 900 m.kr. hærri en endurskoðuð áætlun um gjaldfærð útgjöld ársins samkvæmt töflu um afkomu ríkissjóðs hér fyrir ofan. Þessi mismunur skýrist af fjárheimildum sem ekki er gert ráð fyrir eigi sér samsvörun með gjaldfærslu í ríkisreikning ársins 2007. Þar er annars vegar um að ræða umframgjöld tiltekinna stofnana og verkefna sem þegar hafa verið færð til gjalda í reikningum fyrri ára en veita þarf þó fjárheimildir fyrir til að mæta neikvæðri stöðu sem flyst til þessa árs. Hins vegar er gert ráð fyrir að við uppgjör í lok ársins geti komið fram umframgjöld að nokkru marki sem færast þá til komandi árs eða að gengið er á afgangshæimildir frá fyrri árum. Á sama hátt er reiknað með að ekki verði allar fjárheimildir ársins nýttar að fullu af ýmsum orsökum, s.s. vegna tafa í framkvæmdum, heldur færast þær þá til næsta árs.

Hér á eftir er fjallað um áætlaðar breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við fjárlög 2007 og þær breytingar á fjárlögum 2007 sem lagðar eru til með frumvarpinu.

## Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur fyrir árið 2007. Farið er yfir tekjur ríkissjóðs á árinu 2007 í tengslum við helstu forsendur þjóðhagsspár og helstu frávik frá fjárlögum.

	Fjárlög 2007 <sup>1</sup>	Áætlun 2007 <sup>2</sup>	Frávik frá fjárlögum
<b>I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %</b>			
Einkaneysla .....	-1,8	2,1	3,9
Samneysla .....	2,1	2,8	0,7
Fjárfesting .....	-21,6	-22,2	-0,6
Þjóðarútgjöld alls .....	-6,4	-5,2	1,2
Útflutningur vöru og þjónustu .....	10,1	8,7	-1,4
Innflutningur vöru og þjónustu .....	-9,4	-9,8	-0,4
Verg landsframleiðsla .....	1,0	0,7	-0,3
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu .....	-10,7	-15,2	-4,5
<b>II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %</b>			
Ráðstöfunartekjur á mann .....	8,5	9,8	1,3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann .....	3,8	5,1	1,3
Vísitala neysluverðs .....	3,0	4,5	1,5
Gengisvísitala .....	3,2	-2,1	-5,3
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla .....	2,1	1,1	-1,0

<sup>1</sup> Þjóðhagsspá útgefin í nóvember 2006.

<sup>2</sup> Þjóðhagsspá útgefin í október 2007.

**Tekjuhorfur 2007.** Í fjárlögum ársins 2007 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 376 milljarðar króna. Við endurskoðun á tekjuáætlun ríkissjóðs 2007 er horft til þróunar innheimtu það sem af er af árinu, niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2006 og breyttra efnahagsforsendna. Er nú gert ráð fyrir að heildartekjurnar verði 72 milljörðum króna meiri en ætlað var í fjárlögum og nemi 448 milljörðum króna. Þar af eru skatttekjur taldar verða 61,5 milljarði meiri en í fjárlögum, vaxtatekjur 4,6 milljörðum meiri og tekjur af sölu eigna 5,7 milljörðum meiri. Áætlað er að beinir skattar á tekjur og hagnað verði 28 milljörðum króna meiri en í fjárlögum, og þar af verði tekjuskattur einstaklinga 15 milljörðum meiri og fjármagnstekjuskattur 12 milljörðum meiri. Af 26 milljarða króna hækkun

áætlunar um óbæina skatta á árinu má rekja 22 milljarða til meiri tekna af virðisaukaskatti en reiknað var með. Viðvarandi þróttur efnahagslífsins er meginskýring enduráætlunar tekna ríkissjóðs til hækkunar en gagnstætt því sem reiknað var með við áætlun fjárlaga hefur einkaneysla aukist og atvinnuleysi minnkað á árinu. Laun hafa hækkað meira en áætlað var í upphafi árs og starfandi fólki haldið áfram að fjölga, m.a. vegna aðstreymis erlends vinnuafis. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu er nú talið verða 33,0% á árinu en var 32,4% árið 2006.

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2007 er reiknað með að hagvöxtur verði 0,7% en hann var áætlaður 1,0% í fjárlögum. Verg landsframleiðsla er þó áætluð 50 milljörðum meiri en gert var ráð fyrir. Skýringin á því er að hluta til sú að landsframleiðsla ársins 2006 var, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu, nokkru meiri en reiknað var með. Verðbólguhorfur ársins eru nú taldar vera hærri en reiknað var með við setningu fjárlaga, eða 4,5% verðbólga að meðaltali milli árana 2006 og 2007 í stað 3%. Nú er spáð 5,2% samdrætti þjóðarútgjalda á árinu 2007, einkum vegna þriðjungs samdráttar í fjárfestingu atvinnuveganna í kjölfar loka mikilla stóriðjuframkvæmda. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur þó haldið áfram að aukast á árinu og er hún talin verða 6% meiri en í fyrra. Einkaneysla hefur reynst mun kröftugri en ráð var fyrir gert, með raunaukningu milli ára um 2,1% í stað 1,8% samdráttar. Gert er ráð fyrir að samneysla ársins aukist um 2,8% og til mótvægis miklum samdrætti í atvinnuvegafjárfestingu kemur aukin fjárfesting hins opinbera. Viðskiptahalli er nú talinn verða 15,2% af landsframleiðslu í ár sem er meira en reiknað var með við í forsendum fjárlaga og á það einkum rætur að rekja til meiri halla á vöruskiptum. Nokkurn hluta hallans má rekja beint til stóriðjuframkvæmda.

Meiri einkaneysluútgjöld en ráð var fyrir gert í fjárlögum ársins 2007 skýrast meðal annars af meiri ráðstöfunartekjum á mann en áður var áætlað en einnig af hagstæðri gengisþróun um miðbik ársins. Atvinnuleysi hefur einnig verið nokkru minna en áætlað var og stefnir samkvæmt þjóðhagsspá í 1,1% af mannafla að meðaltali á árinu.

**Skattar á tekjur og hagnað.** Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 28 milljörðum króna meiri en í fjárlögum og nemi 165 milljörðum króna. Tekjuskattur einstaklinga hefur skilað talsvert meiri tekjum á árinu en áætlað hafði verið og ný áætlun fyrir árið í heild er 15 milljörðum hærri en áætlun fjárlaga. Fjármagnstekjuskattur á einstaklinga er nú talinn verða 12 milljörðum meiri en í fjárlögum. Hvort tveggja skýrist af meiri aukningu tekna og þjóðarútgjalda en gert var ráð fyrir í lok sl. árs. Tekjuskattshlutfall á tekjur einstaklinga er 22,75%, einu prósentustigi lægra en í fyrra. Ekki er tilefni nú til að breyta áætlun fjárlaga um tekjuskatt lögaðila sem áætlaður var 39 milljarðar króna. Hann verður þó endurmetinn þegar álagning á lögaðila birtist í október.

**Tryggingagjöld.** Talið er að tryggingagjöld muni hækka frá fjárlögum um 4 milljarða eða rúm 11%, sem er nokkuð í takt við hækkun launa og aukinn fjölda starfandi manna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Áætlun <sup>1</sup> 2007	Frávik m.kr.	Frávik %
<b>I Skatttekjur .....</b>	<b>343.223</b>	<b>404.764</b>	<b>61.541</b>	<b>17,9</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	136.813	164.765	27.951	20,4
Einstaklingar .....	94.600	121.400	26.800	28,3
Lögaðilar .....	39.000	39.000	0	0,0
Ótalið annars staðar .....	3.213	4.365	1.151	35,8
Tryggingagjöld .....	34.851	38.823	3.972	11,4
Eignarskattar .....	7.675	9.965	2.290	29,8
Skattar á vörur og þjónustu .....	162.318	188.602	26.284	16,2
Virðisaukaskattur .....	107.000	129.000	22.000	20,6
Aðrir skattar .....	1.566	2.610	1.045	66,7
<b>II Aðrar rekstrartekjur .....</b>	<b>30.474</b>	<b>34.996</b>	<b>4.522</b>	<b>14,8</b>
Arðgreiðslur .....	1.238	1.282	44	3,6
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur .....	20.450	25.045	4.595	22,5
Neyslu- og leyfisgjöld.....	7.685	7.553	-132	-1,7
Annað.....	1.102	1.117	15	1,4
<b>III Sala eigna.....</b>	<b>1.100</b>	<b>6.838</b>	<b>5.738</b>	<b>521,7</b>
<b>V Fjárframlög.....</b>	<b>1.617</b>	<b>1.672</b>	<b>55</b>	<b>3,4</b>
<b>Heildartekjur ríkissjóðs .....</b>	<b>376.414</b>	<b>448.270</b>	<b>71.857</b>	<b>19,1</b>
<b>Sjóðshreyfing .....</b>	<b>365.867</b>	<b>426.640</b>	<b>60.774</b>	<b>16,6</b>

<sup>1</sup> Fjárlög að viðbættum fjárukaulögum ársins.

**Eignarskattar.** Endurskoðun leiðir til verulegrar hækkunar áætlaðra tekna af eignarsköttum, eða um 2,3 milljarða króna og er nú talið að þeir muni nema 10 milljörðum. Tekjur af stimpilgjöldum eru áætlaðar 7,7 milljarðar og af erfðafjárskatti 1,7 milljarðar. Stimpilgjöld hækka um 1,5 milljarða frá fjárlögum og erfðafjárskatttekjur um 750 milljónir. Er hér einkum höfð hliðsjón af innheimtu þessara tekjuliða á fyrstu sjö mánuðum ársins.

**Skattar á vöru og þjónustu.** Skattar á vöru og þjónustu eru taldir munu skila ríkissjóði tæpum 189 milljörðum króna á árinu 2007, sem er 26 milljörðum eða 16% meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af er talið að virðisaukaskattur skili 22 milljörðum meira en áður var áætlað og verði 21% umfram áætlun fjárlaga. Þann 1. mars sl. var virðisaukaskattur á matvæli og fleiri vörur og þjónustu lækkaður úr ýmist 14% eða 24,5% í 7%. Áætlað var að aðgerðin kostaði ríkissjóð 12 milljarða króna, að teknu tilliti til örvandi áhrifa þeirra á veltu. Með þessu var reiknað í fjárlögum ársins 2007. Þar var einnig reiknað með að virðisaukaskattur á áfengi yrði lækkaður í 7% en áfengisgjald hækkað á móti sem næmi lækkun skattsins, og leiddi þetta til hækkunar tekna af áfengisgjaldi um 3,8 milljarða

króna frá því sem ella hefði verið í fjárlögum. Fjárlögin voru samþykkt á þessum forsendum, en síðar var horfið frá því að breyta skattlagningu áfengis. Þetta skýrir að litlum hluta hækkun áætlunarinnar um virðisaukaskatt ársins, en meginskýringin liggur í meiri veltu en reiknað var með. Tekjur af áfengisgjaldi voru af ofangreindri ástæðu mun hærrí í fjárlögum ársins 2007 en þær hafa verið undanfarin ár, eða 11,6 milljarðar króna, en þær stefna hins vegar í að skila 7,9 milljörðum króna eða svipaðri útkomu og á sl. árum. Áfengisgjald telst til almennra vörugjalda og skýrir þetta lækkun þess liðar en aukin vörugjöld af innflutningi vega að hluta upp á móti. Vörugjald af ökutækjum á árinu 2007 eru nú áætluð 9,3 milljarðar króna. Það er 2,5 milljarði meira en reiknað var með í fjárlögum ársins. Hægar hefur dregið úr innflutningi ökutækja en gert var ráð fyrir. Reiknað var með að fluttar yrðu inn 17.000 bifreiðar á árinu en nú stefnir í að innflutningurinn verði 21.000 bifreiðar. Þá eru tekjur ársins af bensíni og olíu nú metnar talsvert meiri en í áætlun fjárlaga, einkum er frávikíð mikið í olíugjaldi vegna mun meiri olíusölu en áður hafði verið áætlað. Tekjur af öðrum sértækum veltusköttum stefna í að verða um tveimur milljörðum meiri en í fjárlögum, nær eingöngu vegna meiri tekna af aðflutningsgjöldum.

**Aðrar rekstrartekjur.** Þessi liður er nú talinn munu verða 4,5 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga, aðallega vegna meiri vaxtatekna en gert hafði verið ráð fyrir. Vaxtatekjur eru flokkaðar í þrennt; af skattkröfum, af endurlánnum og aðrar vaxtatekjur. Þessir liðir eru allir enduráætlaðir til hækkunar nú. Vextir af skattkröfum eru taldir verða liðlega einum milljarði meiri en áætlað var, byggt á þróun innheimtu það sem af er ári. Vaxtatekjur af endurlánnum eru hækkaðar óverulega en vaxtatekjur af bankareikningum ríkissjóðs eru nú áætlaðar 3 milljörðum meiri en í fjárlögum. Það skýrist annars vegar af betri afkomu og þar með hærrí meðalstöðu á reikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum og hins vegar af herra vaxtastigi en reiknað var með við fjárlagagerðina. Þá eru arðgreiðslur ársins nú áætlaðar 1,3 milljarðar og ýmis neyslu- og leyfísgjöld 7,6 milljarðar.

## 2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á óskir ráðuneyta um aukna fjárþörf verkefna og stofnana vegna frávika frá heimildum fjárlaga. Leitað hefur verið skýringa á frávikum útgjalda frá fjárheimildum og lögð til viðbrögð innan ársins. Í frumvarpinu er miðað við að fjárheimildir verði auknar til að mæta ófyrirséðum útgjöldum og breytingum á launakjörum sem komið hafa fram eftir afgreiðslu fjárlaga. Einnig eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á fjárveitingum á grundvelli endurmats á hagrænum forsendum og kerfísbundnum útgjöldum, svo sem á gengisþróun, vaxtagjöldum, atvinnuleysi og bótagreiðslum almannatrygginga. Þá er tekið tillit til áhrifa af nýrri lagasetningu á árinu og nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar á útgjöld ríkissjóðs. Loks er í nokkrum tilvikum lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli

stofnana eða verkefna verði bættur að hluta eða öllu leyti. Er það gert í þeim tilvikum að verkefni er lokið eða sýnt þykir að gripið hafi verið til þeirra aðgerða að rekstur verði innan fjárheimilda og hallarekstur verði stöðvaður.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Heimildir 2007	fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun .....	100.501	102.397	1.896	1,9
Lífeyrisskuldbindingar.....	4.807	4.807	0	0,0
Önnur gjöld .....	84.083	87.590	3.506	4,2
Sértekjur .....	-20.661	-21.372	-711	3,4
<b>Rekstrargjöld samtals .....</b>	<b>168.730</b>	<b>173.421</b>	<b>4.691</b>	<b>2,8</b>
<b>Fjármagnskostnaður .....</b>	<b>20.629</b>	<b>21.808</b>	<b>1.179</b>	<b>5,7</b>
<b>Rekstrar- og neyslutilfærslur</b>				
Lífeyristryggingar .....	41.454	42.007	553	1,3
Sjúkratryggingar .....	17.014	17.833	819	4,8
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .....	9.741	11.585	1.844	18,9
Afskriftir skattkrafna .....	6.000	10.000	4.000	66,7
Barnabætur .....	8.500	8.500	0	0,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu .....	8.352	8.352	0	0,0
Fæðingarorlofs sjóður .....	7.600	7.600	0	0,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð .....	7.560	7.560	0	0,0
Vaxtabætur .....	5.530	5.530	0	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	5.244	5.244	0	0,0
Framlag til sókna og kirkjugarða .....	3.514	3.529	15	0,4
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	4.409	3.188	-1.221	-27,7
Ríkisútvarpið .....	2.780	2.780	0	0,0
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli .....	2.551	2.551	0	0,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur .....	23.734	25.224	1.490	6,3
<b>Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals .....</b>	<b>153.982</b>	<b>161.483</b>	<b>7.500</b>	<b>4,9</b>
<b>Viðhald</b>				
Vegakerfi .....	3.114	3.114	0	0,0
Annað .....	2.092	2.345	253	12,1
<b>Viðhald samtals .....</b>	<b>5.206</b>	<b>5.459</b>	<b>253</b>	<b>4,9</b>
<b>Fjárfesting</b>				
Vegakerfi .....	10.353	10.353	0	0,0
Heilbrigðisstofnanir .....	1.952	1.972	20	1,0
Hafnarframkvæmdir .....	702	702	0	0,0
Háskólar og framhaldskólar .....	1.482	1.864	382	25,8
Flugvellir .....	361	361	0	0,0
Annað .....	3.864	5.665	1.801	46,6
<b>Fjárfesting samtals .....</b>	<b>18.713</b>	<b>20.916</b>	<b>2.203</b>	<b>11,8</b>
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>367.260</b>	<b>383.086</b>	<b>15.826</b>	<b>4,3</b>

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir ráðuneyta árið 2007 verði auknar samtals um 15.826 m.kr. Sé eingöngu litið á greiðsluheimildir ársins í frumvarpinu nemur aukningin frá fjárlögum hins vegar 9.660 m.kr. Stærsti hlutinn af hækkun fjárheimildanna, eða um 10,7 milljarðar króna, á rætur að rekja til nokkurra veigamikilla breytinga á ýmsum hagrænum forsendum og reiknuðum viðmiðunarstærðum fjárlaga ásamt ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um mótvægisáðgerðir vegna tímabundins samdráttar í þorskafla. Af einstökum málum vegur þyngst 4 milljarða hækkun á fjárheimild vegna afskrifaðra skattkrafna. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun í ljósi þess að tekjuvelta ríkissjóðs hefur verið að aukast talsvert. Þar á eftir kemur 1,8 milljarða króna hækkun á framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga en 1,1 milljarður af þeirri fjárhæð er vegna lögbundinnar tengingar við tekjur ríkissjóðs og við útsvarsstofn. Gert er ráð fyrir að mótvægisáðgerðir sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til í því skyni að draga úr áhrifum af lækkun á heimiluðum þorskafla muni kosta ríkissjóð um 1,3 milljarða kr. eins og nánar er greint frá síðar í þessum kafla. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir nýrri fjárheimild sem nemur 1,1 milljarður og tengist breyttri reikningshaldslegri framsetningu. Þar er um að ræða núvirta heildarskuldbindingu ríkisins á mismun útláns- og innlánsvaxta af 50 ára skuldabréfum vegna félagslegra leiguíbúða sem byggðar verða á þessu ári. Þá er nú áætlað að vaxtagjöld verði 1,2 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum, aðallega vegna vaxtagjalda af inneignum af mörkuðum tekjum sem nokkrir sjóðir eiga kröfu á, t.d. Atvinnuleysistryggingasjóður. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir verði um 1,1 milljarði kr. hærri en áætlað var en það skýrist annars vegar af skatti á hagnað af sölu eignarhlutar í Hitaveitu Suðurnesja og hins vegar af betri sjóðstöðu og þar með hærri vaxtatekjum af henni en reiknað var með. Breytingar á launakjörum sem orðið hafa frá setningu fjárlaga, s.s. vegna úrskurða Kjararáðs, leiða til 500 m.kr. hækkunar og samkvæmt endurmetinni áætlun hækka lyfjaútgjöld ársins um sömu fjárhæð. Þá má nefna 560 m.kr. útgjöld vegna yfirtöku á starfsemi Ratsjárstofnunar og vegna ýmiss rekstrar-kostnaðar á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurflugvöll eftir brottför varnarliðsins og 400 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta fasteignagjöldum af húsnæði skóla og heilbrigðisstofnana sem áður var undanþegið álagningu sveitarfélaga. Á móti kemur að gert er ráð fyrir mun minna atvinnuleysi en spáð var í forsendum fjárlaga og lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs því um 1,3 milljarða kr. auk þess að vaxtatekjur sjóðsins hækka um 0,5 milljarða vegna aukinna inneigna markaðra tekna. Samtals skýra breytingar af þessum toga þannig tæplega 11 milljarða af 15,2 milljarða fjárheimild frumvarpsins.



Af öðrum breytingum á fjárveitingum sem lagðar eru til í frumvarpinu má nefna 553 m.kr. hækkun á greiðslum almannatrygginga vegna ákvörðunar um að draga úr tekjutengingum, 537 m.kr. vegna kaupa og endurbóta á fasteignum á vegum utanríkisráðuneytisins, 343 m.kr. vegna útgjalda við rekstur ferja, 334 m.kr. vegna lækniskostnaðar sjúkratrygginga, 282 m.kr. vegna flýtingar á fjárveitingum til framkvæmda við Háskólatorg Háskóla Íslands, 250 m.kr. framkvæmdir Ofanflóðasjóðs við nokkur bæjarfélög og 200 m.kr. vegna loftflutninga fyrir NATO. Aðrar breytingar eru minni.

Síðast liðið sumar var ákveðið með hliðsjón af tillögum Hafrannsóknastofnunar og álitsgerðar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands að draga talsvert úr heimiluðum þorskafla á næsta fiskveiðiári. Í kjölfarið ákvað ríkisstjórnin að grípa til ýmissa mótvægisáðgerða til að draga úr áhrifum aflasamdráttarins á þeim svæðum sem ætla má að hans verði mest vart. Hluti þessara ráðstafana kemur til framkvæmda þegar á þessu ári og er í frumvarpinu gerðar tillögur um fjárveitingar vegna þeirra verkefna. Hér fyrir neðan er yfirlit um þessar ráðstafanir, sem samtals nema 1,3 milljörðum króna, en nánar er greint frá einstökum verkefnum í athugasemdum um einstaka fjárlagaliði. Til viðbótar við þessar aðgerðir er í frumvarpinu lagt til að eiginfjárstaða Byggðastofnunar verði aukin um 1,2 milljarða króna en sú aðgerð kemur ekki fram í fjárheimildum gjaldahliðar ríkissjóðs heldur færast um sjóðstreymið. Að samanlögðu er því um að ræða 2,5 milljarða króna vegna þessara ráðstafana í frumvarpinu.

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frv. 2007
02-201 Háskóli Íslands	Háskóla- og fumkvöðlasetur á Hornafirði.	4,0
02-201 Háskóli Íslands	Háskólasetur á Bolungarvík.	20,0
02-201 Háskóli Íslands	Háskólasetur á Stykkishólmi.	20,0
02-201 Háskóli Íslands	Fræðslusetur Vestfjarða vegna Suðurfjarða.	5,0
02-319 Framhaldsskólar, almennt	Uppbygging nýs framhaldsskóla við utanverðan	5,0
02-319 Framhaldsskólar, almennt	Frumgreinadeildir á Suðurnesjum og Vestfjörðum.	12,0
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vegna íþróttabrautar.	5,0
02-356 Fjölbrotaskóli Norðurlands vestra	Til eflingar námsframboðs.	5,0
02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Vegna fjarnáms.	2,0
02-451 Símenntun og fjarkennsla	Til að efla námsframboð og náms- og starfs-þjálfun í framhaldsskólum og símenntunarmið-stöðvum.	100,0
02-901 Fornleifavernd ríkisins	Mínjavörður Vestfjarða.	4,0
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands	Skráning á litt eða óskráðum skjalasöfnum og stafræna gerð manntala.	40,0
05-202 Hafrannsóknastofnunin	Til eflingar á verkefnum á Ólafsvík.	20,0
05-202 Hafrannsóknastofnunin	Útvíkkun svæða í togararalli, bæði á grunnslóð og djúpslóð.	50,0
05-206 Matvælarannsóknir	Til eflingar á verkefnum á Höfn í Hornafirði.	20,0
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi	Til sveitarfélaga sem verða fyrir tekjumissi vegna samdráttar í aflamarki þorsks.	250,0
07-980 Vinnumálastofnun	Auknar stuðningsaðgerðir og vinnumarkaðsúrræði.	15,0
07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður	Til að auka svigrúm fiskvinnslufyrirtækja til að halda starfsfólki á launaskrá.	77,0
07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður	Sérstakt átak til að styrkja atvinnumál kvenna.	15,0
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi	Til Fjölmenningsseturs á Vestfjörðum.	6,5
08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	Aukin heimahjúkrun og skólaheilsugæsla í Vestur-Barðastrandarsýslu.	2,0
08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	Aukin heimahjúkrun og geðheilbrigðisþjónsta í Ísafjarðarbæ.	4,0
09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	Framkvæmdir við fasteignir ríkisins á svæðum þar sem aflsamdráttur leiðir til fækkunar starfa.	333,0
11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Starfsstöð nýsköpunarmiðstöðvar Impru á Ísafirði.	5,0
11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Efling á verkefnum í Vestmannaeyjum.	4,0
11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Efling á verkefnum á Höfn í Hornafirði.	4,0
11-399 Ýmis orkumál	Til jarðhitaleitar víðs vegar um landið.	50,0
11-401 Byggðaaætlun	Til vaxtarsamninga á Norðurlandi vestra.	30,0
11-401 Byggðaaætlun	Til vaxtarsamninga á Norðurlandi eystra.	30,0
11-411 Byggðastofnun	Efling starfsemi stofnana innan Þróunarseturs á Patreksfirði	5,0
11-411 Byggðastofnun	Efling starfsemi stofnana innan Þróunarseturs á Hólumavík.	3,0
11-411 Byggðastofnun	Til eflingar starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.	100,0
14-211 Umhverfisstofnun	Gestastofa á Hornströndum.	20,0
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	Gróðurkortagerð á Vestfjörðum.	3,0
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	Sjófluglavöktun.	3,0
14-410 Veðurstofa Íslands	Samhæfður gagnagrunnur yfir stöðvarekstur Veðurstofunnar.	5,0

### 3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lántökuheimildir fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, hækki úr 30.000 m.kr. í 60.900 m.kr. og er það í samræmi við endurskoðuð lántökuáform ársins 2007. Aukningin er 30.900 m.kr. og skýrist að lang stærstu leyti af 26.850 m.kr. skuldabréfaútgáfu í upphafi árs vegna kaupa ríkisins á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun, en í forsendum fjárlaga hafði verið reiknað með þeim viðskipum á árinu 2006. Að öðru leyti er aukningunni ráðstafað til að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 1.800 m.kr. en afgangurinn gengur til að styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á endurlánaheimildum ríkissjóðs til samræmis við horfur fyrir árið í ár. Lagt er til að heimildirnar lækki um alls 525 m.kr., þar af 250 m.kr. vegna Flugmálastjórnar á Keflavíkurlflugvelli en 275 m.kr. heimild Hapdrættis Háskóla Íslands fellur brott.

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimildum til veitingu ríkisábyrgða á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Breytingarnar eru þrjár og í heildina tekið er lögð til 27.768 m.kr. hækkun heimildar. Í fyrsta lagi er sótt um 15.675 m.kr. hækkun á heimild Íbúðalánasjóðs vegna almennra íbúðalána, í öðru lagi 6.093 m.kr. hækkun á heimild Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða og í þriðja lagi 6.000 m.kr. hækkun á heimild Landsvirkjunar. Aukin lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs stafar að lang mestu leyti af lánveitingum umfram áætlanir fjárlaga. Af aukinni lánsfjárþörf Landsvirkjunar munar mest um 3.000 m.kr. fjárfestingu við yfirtöku Landsnets á flutningslínunum Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja og 2.300 m.kr. afborganir af teknum lánunum umfram fyrri áætlun.

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 51,7 milljarðar króna. Það er 45 milljarða króna hækkun frá áætlun fjárlaga. Munar þar mest um mikinn vöxt tekna umfram vöxt útgjalda, samanber það að á greiðslugrunni er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs að frátöldum söluhagnaði eigna hækki um rúma 54,6 milljarða króna frá áætlun fjárlaga en gjöld um tæpa 9,7 milljarða.

Gert er ráð fyrir að fjármunahreyfingar ársins verði neikvæðar um 65,5 milljarða króna en á fjárlögum var áætlað að þær yrðu jákvæðar um tæpa 3 milljarða. Munar þar mest um stóraukin stofnfjárframlög og kaup á eignarhlutum í félögum fyrir samtals 77 milljarða króna, samanborið við 1.000 m.kr. áætlun í fjárlögum 2007. Þar ber hæst 44 milljarða króna eiginfjárframlag ríkissjóðs til Seðlabanka Íslands sem greitt var í vor og áður nefnd kaup ríkisins á öllum eignarhlutum sveitarfélaga í Landsvirkjun fyrir 30.250 m.kr. Gert er ráð fyrir að eigið fé Bygðastofnunar verði aukið um 1.200 m.kr. og er það hluti af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks. Áformað er að ríkissjóður auki eignarhlut sinn í eignarhaldsfélaginu e-Farice ehf. um allt að 400 m.kr.

Loks má nefna að gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram 150 m.kr. stofnhlutafé í Matís ohf., þar af 68 m.kr. með framlögðum eignum að frádregnum skuldum en 82 m.kr. í reiðufé. Aðrar breytingar eru smærri. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að sala á eignarhlutum í félögum skili ríkissjóði 7.200 m.kr. meiri tekjum en ætlað var í fjárlögum. Munar þar mest um sölnu á eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.

Í milljónum króna	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Breyting frá fjárlögum
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>6.719</b>	<b>51.699</b>	<b>44.980</b>
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar .....	-400	-400	0
Veitt löng lán .....	-7.725	-7.200	525
Afborganir veittra lána .....	11.500	11.300	-200
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög .....	-1.000	-77.000	-76.000
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	600	7.800	7.200
<b>Fjármunahreyfingar samtals .....</b>	<b>2.975</b>	<b>-65.500</b>	<b>-68.475</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður .....</b>	<b>9.694</b>	<b>-13.801</b>	<b>-23.495</b>
Fjármögnun:			
Skammtímalán .....	0	0	0
Tekin löng lán .....	30.000	60.900	30.900
Afborganir af teknum lánum .....	-31.800	-33.600	-1.800
<b>Fjármögnun samtals .....</b>	<b>-1.800</b>	<b>27.300</b>	<b>29.100</b>
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins .....	-4.000	-4.000	0
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>3.894</b>	<b>9.499</b>	<b>5.605</b>

Í samræmi við það sem hér hefur verið rakið er því áætlað er að hreinn lánsfjárfjöfnuður verði neikvæður um 13,8 milljarða króna. Eins og áður sagði er gert ráð fyrir að því verði mætt með 60,9 milljarða króna lántökum, auk þess sem skuldir ríkissjóðs verða greiddar niður um 33,6 milljarða króna, 4 milljarðar greiddir inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands bætt um 9,5 milljarða króna.

## 4 Heimildir

Sótt er um 11 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að ein er breyting á núverandi heimild, ein er vegna sölu á fasteign, ein vegna sölu á eignarhluta í fasteign, ein vegna sölu á lóðum og jörðum, þrjár til kaupa á fasteignum og fjórar til kaupa eða aukningar á hlutafé og stofnfjárframlögum.

Lagt er til að orðalag heimildar 2.31 verði breytt þannig að heimilt verði að ráðstafa andvirði sölnnar til Hekluskóga og til uppbyggingar á landsmótssvæði hestamanna að Gaddastaðafötum.

Heimild 2.32 er vegna sölu á fasteign varamanns sendiherra við sendiráðið í Stokkhólmi en ákveðið var að leggja niður þá stöðu og flytja hana til aðalræðisskrifstofu í Þórshöfn.

Heimild 3.29 er vegna sölu á svokölluðu Læknishúsi í Flatey en húsnæðið sem var í sameign ríkis og Reykhólahrepps verður selt íbúa þess.

Heimild 4.60 er vegna sölu á olíustöð NATO í Hvalfirði ásamt tilheyrandi landspildu.

Heimild 6.25 er vegna kaupa á viðbótarlód við safnið á Gljúfrasteini vegna bílastæða.

Heimild 6.26 er vegna kaupa á bústað fyrir aðalræðisskrifstofu í Þórshöfn.

Heimild 6.27 er vegna kaupa Happprættis Háskóla Íslands á fasteigninni Tjarnargötu 4, Reykjavík, vegna happprættisins.

Heimild 7.15 er vegna kaupa ríkisins á hlutafé í VistOrku hf. en fyrirtækið er að þróa aðferðarfræði til að meta notkun vetnis og annarra vistvænna orkugjafa á Íslandi. Áformað er að ríkissjóður kaupi hlutafé fyrir 225 m.kr. sem greiðist á þremur árum, þar af 25 m.kr. í ár og 100 m.kr. árlega 2008 og 2009.

Heimild 7.16 er vegna kaupa ríkisins á auknu hlutafé í e-Farice ehf. sem er eignarhaldsfélag um rekstur Farice sæstrengsins en tilgangur aukningarinnar er að fjármagna lagningu annars ljósleiðarastrengs til Evrópu, Danice.

Heimild 7.17 er til að efla eiginfjárstöðu Byggðastofnunar en það er liður í mótvægisráðstöfunum ríkisstjórnarinnar vegna væntanlegs samdráttar í þorskveiðiheimildum.

Heimild 7.18 er vegna áskilnaðar laga um að leggja beri nýju hlutafélagi um matvælarannsóknir til stofnfé. Um er að ræða viðbót við 5 m.kr. lágmarkshlutafé sem lagt var fram árið 2006.



Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

## 00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórn ríkisins verði aukin um 48,8 m.kr.

### 101 Embætti forseta Íslands.

*1.01 Almennur rekstur.* Óskað er eftir 4 m.kr. viðbótarframlagi vegna breytinga í starfsmannahaldi. Eins þarf að ganga endanlega frá launakjörum skrifstofustjóra sem ráðinn var til embættisins í árslok 2006.

*6.11 Bifreiðar.* Farið er fram á 9,8 m.kr. fjárveitingu til að endurnýja aðra af tveimur embættisbifreiðum forsetaembættisins sem orðin er fjórtán ára. Hin nýja bifreið er með blendingsvél sem sækir orku jafnt til rafmagns og bensíns. Gert er ráð fyrir að nýja bifreiðin verði umtalsvert ódýrari í rekstri en sú eldri og í tillögufjárhæðinni hefur verið tekið tillit til þess sem og áætlaðs söluverðs eldri bifreiðarinnar.

### 201 Alþingi.

*1.01 Alþingiskostnaður.* Farið er fram á 35 m.kr. fjárveitingu vegna biðlauna. Alþingi hefur 46,5 m.kr. fjárveitingu í fjárlögum til greiðslu biðlauna þeirra alþingismanna sem létu af þingmennsku eftir alþingiskosningarnar í vor og tók fjárhæðin mið af biðlaunagreiðslum árið 2003. Mun fleiri þingmenn hætta hins vegar þingmennsku nú en þá og áætlað er að greiðslurnar í ár verði samtals um 81,5 m.kr. Meðtalið í þeirri fjárhæð er þingfararkaup og fastar greiðslur frá 13. maí til 31. maí.

## 01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 32,7 m.kr.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.90 Ýmis verkefni.* Lögð er til 30 m.kr. fjárveiting vegna nefndar sem ætlað er að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, sbr. lög nr. 26/2007. Markmið könnunarinnar og meginverkefni nefndarinnar er að lýsa starfsemi viðkomandi stofnana, staðreyna eins og kostur er hvort börn sem þar voru vistuð hafi sætt illri með-

ferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð, lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað og leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

### **201 Fasteignir forsætisráðuneytis.**

*1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis.* Lagt er til að 16,8 m.kr. fjárheimild verði flutt af viðhaldsviðfangsefni á rekstrarviðfangsefni til að mæta uppsöfnuðum halla þar.

*5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis.* Lagt er til að 16,8 m.kr. fjárheimild verði millifærð af viðhaldsviðfangsefni á rekstrarviðfangsefni eins og að framan greinir.

### **203 Fasteignir Stjórnarráðsins.**

*1.01 Almennur rekstur.* Lagt er til að 6 m.kr. fjárheimild verði millifærð af stofnkostnaðarviðfangsefni á rekstrarviðfangsefni vegna kostnaðar við umsjón með viðhaldi og endurbótum stjórnarráðsbygginga.

*6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit.* Lagt er til að 6 m.kr. fjárheimild verði millifærð af stofnkostnaðarviðfangsefni á rekstrarviðfangsefni eins og að framan greinir.

### **255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini.**

*1.01 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini.* Lagt er til að áætlaðar sértekjur safnsins í fjárlögum verði lækkaðar um 2,7 m.kr. en við það hækkar beint framlag úr ríkissjóði um sömu fjárhæð. Reynslan sýnir að tekjur af rekstri safnsins eru lægri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Með tillögunni eru árlegar tekjur safnsins áætlaðar 3 m.kr. í stað 5,7 m.kr. Lögð er til samsvarandi breyting í fjárlagafrumvarpi 2008.

## **02 Menntamálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.339,1 m.kr.

### **201 Háskóli Íslands.**

*1.01 Háskóli Íslands.* Óskað er eftir samtals 129 m.kr. hækkun á viðfangsefninu. Í fyrsta lagi er lagt er til að ráðstafað verði 100 m.kr. af söluandvirði ríkissjóðs í Hita-veitu Suðurnesja til uppbyggingar þekkingarsamfélags á fyrrum varnasvæðum á Miðnesheiði. Með fjárheimildinni verður Háskóla Íslands gert kleift að vera kjölfesta í félagi um háskólastarfsemi á svæðinu. Er tillagan í samræmi við viljayfirlýsingu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar og Háskóla Íslands.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 20 m.kr. framlag til háskólaseturs í Stykkishólmi.



Í þriðja lagi er lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag til Háskólaseturs á Bolungarvík.

Í fjórða lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til Fræðsluseturs Vestfjarða vegna Suðurfjarða.

Í fimmta lagt er lagt til að veitt verði 4 m.kr. framlag til háskóla- og frumkvöðla-seturs á Hornafirði. Framlagið er m.a. ætlað til að styrkja Vatnajökulspjóðgarð.

Framangreindar fjórar tillögur eru hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

*1.13 Háskólasjóður.* Lagt er til að lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda verði hækkað um 48,6 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattstofnsins milli tekjuáranna 2005 og 2006 reyndist vera 9,9%, eða lítið eitt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum en fjölgun einstaklinga utan trúfélaga varð meiri en reiknað var með.

*6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.* Óskað er eftir 282 m.kr. fjárheimild til að ljúka framkvæmdum við Háskólatorg. Framkvæmdirnar eru vel á veg komnar og lýkur þeim að mestu á árinu 2007. Heildarkostnaður með verðbótum er áætlaður um 2 milljarðar kr.

## **202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.**

*1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.* Farið er fram á 19,4 m.kr. fjárveitingu á liðnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 10 m.kr. vegna breytinga á húsnæði og endurnýjunar á tækjum til að uppfylla kröfur ESA um rannsóknaraðferðir og rannsóknaraðstöðu vegna eftirlits með fisksjúkdómum. Aðilar á vegum ESA hafa í eftirlitsferðum sínum hingað til lands m.a. komið að Keldum. Þeir hafa ítrekað gert athugasemdir sem lúta að faggildingu vissra rannsóknaraðferða svo og að endurbótum á rannsóknaraðstöðu. Vegna þessara athugasemda var ekki hægt að draga lengur faggildingu og er áætlaður kostnaður við hana 10 m.kr. á þessu ári.

Í öðru lagi er óskað eftir 6 m.kr. til greiningar á fuglaflensu. Áætlanir gera ráð fyrir að húsnæði til greiningar fuglaflensu, svonefnd P3 aðstaða, verði tekið í notkun í byrjun september á þessu ári. Ráða þarf sérfræðing í meinafræði og veirufræði og líffræðing eða lífeindafræðing til að starfa við verkefnið. Aukinn kostnaður er við förgun o.fl. auk þess sem mikilvægt er að taka tillit til umhverfismála. Áætlaður kostnaður er 18 m.kr. á ársgrundvelli.

Í þriðja og síðasta lagi er óskað eftir 3,4 m.kr. framlagi vegna ófyrirséðs kostnaðar vegna nýrnaveiki í alifiskum. Haustið 2006 greindist nýrnaveiki í alifiskum í tveimur eldisstöðvum sem kallaði á umfangsmiklar rannsóknir. Í 16. gr. laga nr. 50/1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma kemur fram að kostnaður við rannsóknir í

klak- og eldisstöðvum sem settar hafa verið í sölu- eða dreifingarbann vegna sjúkdóms, skuli greiddur úr ríkissjóði. Um óvænt útgjöld er að ræða og umfangsmeiri rannsóknir en áður þar sem hrogn og fiskar höfðu verið fluttir á milli stöðva áður en vart var við smitið. Sambærilegt mál kom upp árið 2005 og var veitt aukafjárveiting vegna þess í fjárukalögum 2006.

## **215 Kennaraháskóli Íslands.**

*1.01 Kennaraháskóli Íslands.* Óskað er eftir 16 m.kr. framlagi vegna samnings við Kennaraháskóla Íslands. Undirritaður var viðauki við samning milli menntamálaráðuneytis og skólans um kennslu og rannsóknir. Í samningnum er kveðið á um að Kennaraháskólinn vinni með menntamálaráðuneytinu að sameiningu hans og Háskóla Íslands og fái vegna þeirrar vinnu greiddar 16 m.kr. á árinu 2007.

## **234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.**

*1.12 Launatengd gjöld.* Óskað er eftir 26,4 m.kr. framlagi á nýtt viðfangsefni undir þessum lið til að aðgreina sérstaklega fjárheimild fyrir launatengd gjöld af úthlutunum úr sjóðnum til prófessora. Er tillagan gerð í kjölfar hæstaréttardóms. Nauðsynlegt þykir að hafa launatengd gjöld á sérstöku viðfangsefni í ljósi dómsúrskurðarins um að ekki þótti hafa komið fram í úrskurðum kjaranefndar á sínum tíma að launatengd gjöld höfðu verið innifalin í fjárveitingu til almennrar úthlutunar úr sjóðnum.

## **269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.**

*6.10 Háskólinn á Akureyri.* Óskað er eftir 100 m.kr. framlagi til nýframkvæmda við kennsluálmú við Háskólann á Akureyri. Áætlaður heildarkostnaður er 645 m.kr. Áformað er að ljúka framkvæmdinni á árunum 2007 - 2009 og að framlög verði 115 m.kr. árinu 2007, 275 m.kr. árið 2008 og 335 m.kr. árið 2009.

## **299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.**

*1.91 Háskólar, óskipt.* Óskað er eftir 100 m.kr. framlagi til þróunar háskólanáms á landsbyggðinni. Lagt er til að fjárhæðinni verði skipt þannig að Orkuskólinn á Akureyri fái 60 m.kr. en Háskólasetur á Vestfjörðum fái 40 m.kr.

## **319 Framhaldsskólar, almennt.**

*1.14 Sérkennsla.* Óskað er eftir 8,5 m.kr. framlagi til þjónustu við blinda og sjónskerta. Samtals er ætlunin að veita 50 m.kr. til bráðaþerða til bættrar þjónustu Fjárveitingarnar skiptast á milli menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Áætlað er að ráðið verði í þrjár stöður blindrakennara og kennsluráðgjafa sem munu starfa á öllum skólastigum og um allt land. Einnig er gert ráð fyrir þremur nýjum stöðum þjálfara við Sjónstöð Íslands.

*1.90 Framhaldsskólar, óskipt.* Óskað er eftir samtals 167 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins. Í fyrsta lagi er farið fram á 150 m.kr. hækkun framlags til sérdeilda framhaldsskóla. Sérdeildirnar hafa átt í þrengingum undanfarin ár sem hefur verið mætt með þaki á fjölda kennslustunda. Auk þess var ekki gert ráð fyrir launatengdum gjöldum og sérkennsluálagi við reikning á tímakaupi í sérkennslu né álagi vegna kennslutengdra starfa. Miðað við nemendatölur ársins 2006 vantar um 150 m.kr.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 12 m.kr. framlag til frumgreinadeilda á Suðurnesjum og Vestfjörðum vegna nemendaígilda. Tillaga er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til flýtingar á uppbyggingu nýs framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

### **355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum.**

*1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum.* Lagt er til að veittar verði 5 m.kr. til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum vegna íþróttabrautar. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

### **356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.**

*1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.* Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra til eflingar námsframboðs. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

### **361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu.**

*1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu.* Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. framlag til Framhaldsskóla Austur-Skaftafellinga vegna fjarnáms. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

### **441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra.**

*1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra.* Óskað er eftir 6 m.kr. hækkun til Fullorðinsfræðslu fatlaðra vegna samstarfsverkefnis Fjölmenntar og Geðhjálpur um sérstaka kennslu fyrir geðsjúka og heilaskaðaða.

#### 451 Símenntun og fjarkennsla.

*1.19 Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum.* Óskað er eftir 100 m.kr. í þróunarsjóð sem ætlaður er til að efla námsframboð og náms- og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Sjóðnum verður jafnframt ætlað að styrkja náms- og starfsráðgjöf m.a. í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og veita fjármunum til raunfærismats í samvinnu við hana. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

*1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga.* Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. framlag til kaupa á kennsluefni í íslensku fyrir útlendinga. Um er að ræða röð kennslumynda sem Tefra Films framleiddi og spanna 50-70 stundir. Með kaupnum fæst fullur afnotaréttur og höfundarréttur efnis til að nýta það, breyta og aðlaga. Efninu verður dreift eftir þörfum á vegum félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

#### 901 Fornleifavernd ríkisins.

*1.01 Fornleifavernd ríkisins.* Óskað er eftir samtals 8,5 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefninu. Í fyrsta lagi er óskað eftir 4,5 m.kr. framlagi vegna rannsókna á Vaði og að Keldudal. Fornleifavernd flokkar rannsókn í Keldudal undir neyðarrannsókn, þótt búið sé að rannsaka minjar sem lágu beinlínis undir skemmdum vegna framkvæmda. Neyðarrannsókninni telst ekki vera lokið fyrr en minjarnar eru fullkannaðar. Ekki liggur fyrir hver endanlegur kostnaður verður en áætlað er að hann verði ekki undir 4,5 m.kr.

Í öðru lagi er lagt er til að veitt verði 4 m.kr. til embættis minjavarðar á Vestfjörðum. Minjaverði Vestfjarða er áætlað að starfa sem ráðgjafa, eftirlitsaðila og umsagnaraðila og að vera tengill við stofnanir og einstaklinga á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir 6 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi 2008. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt þegar verkefnið er komið til fullra framkvæmda. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

#### 903 Þjóðskjalasafn Íslands.

*1.01 Þjóðskjalasafn Íslands.* Óskað er eftir samtals 50 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 40 m.kr. í verkefni sem felur í sér að hafin verði grunnskráning og endurskráning á lítt eða óskráðum skjalasöfnum svo og vinna að stafrænni gerð manntala. Með verkefninu er gert ráð fyrir að bæta aðgengi almennings, fræðimanna og opinberra stofnana að mikilvægum réttar- og menningar-sögulegum heimildum með hjálp upplýsingartækni. Er gert ráð fyrir að 20 störf á ári skapist vegna verkefnisins sem unnin verða m.a. í samstarfi við héraðsskjalasöfnin á Ísafirði, Sauðárkróki og Húsavík. Gert er ráð fyrir 100 m.kr. fjárveitingu á ári vegna

verkefnisins á næstu tveimur árum. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Í öðru lagi er farið fram á 10 m.kr. framlag til nýrrar öryggisdeildar hjá safninu. Áætlað er að kostnaður við að setja öryggismálasafnið á stofn verði samtals um 150 m.kr. en hann dreifist á fjögur ár. Þar af eru um 100 m.kr. vegna úrvinnslu á skjölum, 42 m.kr. vegna húsnæðis, 5,5 m.kr. vegna umsýslukostnaðar og 3,4 m.kr. vegna umbúða.

### 919 Söfn, ýmis framlög.

*1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis.* Óskað er eftir 14 m.kr. framlagi vegna launa forstöðumanns náttúruminjasafns svo og vegna kostnaðar við stofnun og rekstur safnsins. Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 voru nýlega samþykkt á Alþingi og hefur forstöðumaður verið ráðinn frá 1. júlí 2007.

### 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

*6.21 Endurbætur menningarstofnana.* Óskað er eftir 25 m.kr. framlagi vegna samnings um stofnkostnað, byggingu og rekstur húsnæðis fyrir Lækningaminjasafn Íslands og menningartengda starfsemi. Heildarkostnaður við safnbygginguna er áætlaður 345 m.kr. Þar af mun ríkissjóður greiða samtals 75 m.kr. í stofnstyrk en það sem á vantar fæst af söluandvirði Bygggarða 7 Seltjarnarnesi, framlögum frá Læknafélagi Íslands og Læknafélagi Reykjavíkur. Auk þess leggur Seltjarnanesbær til 110 m.kr.

*6.73 Þjóðleikhúsið.* Óskað er eftir 130 m.kr. framlagi svo unnt verði að ljúka utanhússviðgerðum á Þjóðleikhúsinu. Í frumvarpi til fjárukalaga 2005 voru veittar 250 m.kr. en í ljós hefur komið að húsið var verr farið en gert var ráð fyrir og því hækkar áætlaður kostnaður um 130 m.kr. Mismunur milli áætlana felst einkum í kröfum frá verktaka við steypuviðgerðirnar vegna ófyrirséðra aðstæðna og óhagræðis sem hlotist hefur af starfsemi leikhússins þar sem ekki hefur verið hægt að vinna samfellt að steypubroti. Einnig hafi ýmsir aðrir þættir hækkað frá upphaflegri áætlun svo sem kostnaður vegna múrvinnu við glugga, hurðir og ísetning þeirra, viðgerðir á þaki, reyklosunarlúgur og lagning loftræsisstokka, lýsing utanhús og ráðgjöf og eftirlit.

*6.95 Menningarhús.* Óskað er eftir samtals 85 m.kr. viðbótarfjárheimild á viðfangsefninu. Í fyrsta lagi er óskað eftir 55 m.kr. framlagi til að standa undir lokaáfangi við endurreisn Edinborgarhússins. Felst í því m.a. endanlegur frágangur á ytra byrði hússins, innanstokksmunir og annar ófyrirséður kostnaður.

Í öðru lagi er óskað er eftir 30 m.kr. aukafjárveitingu til að standa við samning við Akureyri um framlag ríkissjóðs til byggingar menningarhúss á Akureyri. Ákveðið var að ráðstafa fjárheimild til endurbóta á Miðgarði í Skagafirði þegar ljóst var að framkvæmdir við byggingu menningarhúss á Akureyri myndu hefjast seinna en áætlað

var. Framkvæmdirnar við Miðgarð voru í samræmi við tillögu samstarfshóps um uppbyggingu menningarhúsa í Skagafirði.

### 971 Ríkisútvarpið.

*1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld.* Lagt er til að framlag úr mörkuðum tekjustofni félagsins lækki um 142 m.kr. vegna lækkunar á virðisaukaskatti á afnotagjöldum úr 14% í 7% þann 1. mars 2007. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu Ríkisútvarpsins.

### 982 Listir, framlög.

*1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011.* Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. framlag vegna umsóknar Íslands um heiðurssæti á bókakaupstefnunni í Frankfurt haustið 2011. Samtals er kostnaður við þátttökuna áætlaður 300 m.kr. sem greiðist þannig að 50 m.kr. falla til árlega frá og með árinu 2007 til og með árinu 2010 og síðan 100 m.kr. árið 2011. Skipta má kostnaðinum í fjóra meginhluta: þýðingarstyrki til bókaútgáfufyrirtækja, upplýsinga- og kynningarstarf, menningarkynningu í Þýskalandi og þátttaka í sjálfri bókakaupstefnunni.

### 988 Æskulýðsmál.

*1.90 Æskulýðsmál.* Óskað er eftir 7 m.kr. í Snorraverkefnið. Verkefnið snýr að samskiptum við Vestur-Íslendinga. Í fjárlögum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 2 m.kr. til verkefnisins undir þessum lið, sbr. yfirlit 8 í sundurliðun óskiptra liða í fjárlögum. Samtals verður því framlag ríkissjóðs 9 m.kr.

### 989 Ýmis íþróttamál.

*1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands.* Farið er fram á 30 m.kr. fjárveitingu til að koma á fót ferðasjóði Íþróttasambands Íslands. Í kjölfar þingsályktunartillögu sem samþykkt var 3. júní 2006 skipaði menntamálaráðherra nefnd sem falið var að gera úttekt á ferðakostnaði íþróttafélaga vegna þátttöku í viðurkenndum mótum. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að komið verði á fót ferðasjóði íþróttafélaga til að jafna landfræðilegan aðstöðumun og efla þannig íþrótt- og forvarnastarf. Jafnframt var lagt til að gerður verði þjónustusamningur við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands um umsjón og umsýslu sjóðsins. Í framhaldi af tillögum nefndarinnar ákvað ríkisstjórnin að stefnt verði að því að framlag til sjóðsins verði 90 m.kr. á ársgrundvelli og að því marki verði náð á þremur árum. Framlagið verði þannig 30 m.kr. árið 2007, 60 m.kr. árið 2008 og 90 m.kr. árið 2009.

*1.22 Launasjóður stórmeistara í skák.* Óskað er eftir 3 m.kr. framlagi til að jafna halla á liðnum. Fleiri stórmeistarar hafa fengið laun hluta úr ári en áætlanir gerðu ráð fyrir.

**999 Ýmislegt.**

*1.90 Ýmis framlög.* Óskað er eftir samtals 8 m.kr. fjárveitingu á þessu viðfangsefni. Þar af er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til Kirkjubæjarstofu sem er sama fjárhæð og árið 2006. Í annan stað er lagt til að veitt verði 3 m.kr. fjárveiting til Sjóminjasafnsins á Hellissandi. Safnið var opnað síðasta sumar og gerðar verulegar breytingar á skemmum yfir áraskip safnsins og aðgengi fatlaðra bætt.

*1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis.* Óskað er eftir samtals 15,7 m.kr. hækkun á fjárheimild viðfangsefnisins. Annars vegar er lagt til að veittar verði 8,7 m.kr. til Gaulverjaskóla og að framlag til skólans í fjárlögum þessa árs verði þar með tvöfaldað. Sú hækkun er gerð í ljósi þess að ekki varð að áformaðri aukafjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 2006 til verkefnisins. Hins vegar er óskað eftir 7 m.kr. framlagi til Íþróttakadéminnar á Reykjanesi vegna samnings sem gerir ráð fyrir samtals 48 m.kr. fjárveitingu til ársins 2011. Fjárhæðin skiptist þannig að á árinu 2007 greiðast 7 m.kr., 12 m.kr. árið 2008, 12 m.kr. árið 2009, 12 m.kr. árið 2010 og 5 m.kr. árið 2011.

*6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög.* Lagt er til að framlag til Landnámsseturs í Borgarnesi árið 2007 verði 5 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá árinu 2006.

**03 Utanríkisráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 1.021,9 m.kr.

**101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.* Óskað er eftir samtals 75 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 45 m.kr. fjárheimild til sameiginlegrar heræfingar Íslands og Bandaríkjanna, Norðurvíkingur 2007. Við brott-hvarf varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli undirrituðu forsætisráðherra og utanríkisráðherra samkomulag við bandarísk stjórnvöld. Í því er gert ráð fyrir árlegum varnaræfingum á Íslandi. Kostnaður er vegna farartækja, eldsneytis, fæðis og aðstöðu á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar, auk notkunar flugbrauta fyrir orrustuþotur.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 20 m.kr. framlag til að stofna útibú fyrir Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins á Akureyri. Helstu verkefni hennar eru þýðingar á reglugerðum EES samningsins. Talið er að fjölga þurfi þeim 18 starfsmönnum sem nú starfa hjá stöðinni þar sem nú bíða þýðingarverkefni sem nema um 30-40 ársverkum. Unnt er að sinna þýðingum í fjarvinnslu og hefur utanríkisráðuneytið gert samning við Háskólann á Akureyri um að opnuð verði starfsstöð frá Þýðingamiðstöðinni þar. Lagt er til að á stöðinni starfi sex þýðendur sem er viðbót við núverandi starfafjölda og er því ekki um flutning starfa frá Reykjavík að ræða.

Í þriðja og síðasta lagi er óskað eftir 10 m.kr. vegna kostnaðarauka utanríkisráðuneytisins af nýjum lögum um öryggismálasafn. Um er að ræða kostnað við flokkun og skil skjala frá utanríkisráðuneyti til öryggismálasafns skv. ákvæðum laganna. Einnig er gerð 10 m.kr. tillaga vegna málsins undir menntamálaráðuneyti en samkvæmt kostnaðarumsögn er samtals gert ráð fyrir 20 m.kr. í verkefnið á árinu 2007.

## **215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.**

*1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.* Óskað er eftir að framlagi á fjárlagaliðnum lækki um 128 m.kr. þar sem kostnaður vegna reksturs Próunarfélags Keflavíkurflugvallar er nú, samkvæmt samningi, vistaður hjá fjármálaráðuneytinu. Eftir stendur á liðnum 152 m.kr. kostnaður vegna öryggissvæðis við Keflavíkurflugvöll. Fjárveiting vegna öryggissvæðisins verður framvegis vistuð á liðnum 03-213 Varnarmál.

## **217 Ratsjárstofnun.**

*1.01 Ratsjárstofnun.* Lagt er til að veitt verði 280 m.kr. framlag til rekstur Ratsjárstofnunar sem annast um rekstur íslenska loftvarnakerfisins. Samkvæmt verksamningi greiddu bandarísk stjórnvöld kostnað af rekstri ratsjárkerfanna. Þeim samningi sögðu bandarísk yfirvöld upp frá og með 15. ágúst. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir um 800 m.kr. til reksturs loftvarnakerfisins.

## **300 Sendiráð Íslands.**

*1.01 Sendiráð Íslands.* Óskað er eftir samtals 65 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins. Í fyrsta lagi er óskað er eftir 55 m.kr. vegna uppsafnaðs halla á sjúkrasjóði starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Óviðráðanlegur kostnaður hefur verið umfram áætlun á árunum 2005 og 2006, auk fyrirsjáanlegs halla á árinu 2007. Sjóðnum er ætlað að tryggja starfsmönnum samsvarandi sjúkraþjónustu erlendis eins og þeir ættu aðgang að á Íslandi. Aukinn fjöldi starfsmanna og starfsstöðva hefur leitt til talsverðs útgjaldaauka og er gert ráð fyrir hærri heimild vegna sjúkrasjóðsins í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í öðru lagi er farið er fram á 6 m.kr. til sendiráðs Íslands í Peking vegna útgáfu vegabréfa. Kostnaður vegna útsends starfsmanns, reksturs, búnaðar og breytinga á aðstöðu er áætlaður 24 m.kr. Dómsmálaráðuneytið mun greiða kostnað vegna sendiráðsnautar, sem áætlað er að kosti um 18 m.kr. á ári, en utanríkisráðuneytið greiðir 3 m.kr. í stofnkostnað og 3 m.kr. í árlegan rekstrarkostnað. Sendiráð Danmerkur í Peking hefur annast útgáfu vegabréfa fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Ferðaþjónustuaðilar telja að það hafi háð markaðssetningu á Íslandi sem áfangastaðar að væntanlegir ferðamenn hafa þurft að leita eftir áritunum til sendiskrifstofa annarra ríkja og að lengri málsmeðferð stærri ríkja hafi tafið afgreiðslu vegabréfa. Er um að ræða tilrauna-verkefni sem mun standa í tvö og hálf ár.



Í þriðja lagi er óskað eftir 4 m.kr. vegna samnings menntamálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins um menningarstarfsemi sendiskrifstofa.

5.21 *Viðhald fasteigna*. Óskað er eftir 23 m.kr. hækkun á fjárheimild viðfangsefnisins vegna uppsafnaðs halla. Áformað er að ráðstafa hluta af söluandvirði sendiráðsbústaðar Íslands í Kaupmannahöfn til að jafna halla á þessum lið.

6.01 *Tæki og búnaður*. Óskað er eftir 47 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna uppsafnaðs halla. Áformað er að ráðstafa hluta af söluandvirði sendiráðsbústað Íslands í Kaupmannahöfn til að jafna halla á þessum lið.

6.25 *Sendiherrabústaður í Berlín*. Óskað er eftir 19 m.kr. framlagi vegna framkvæmda við sendiráðsbústað í Berlín. Áformað er að ráðstafa hluta af söluandvirði sendiráðsbústaðar Íslands í Kaupmannahöfn til að greiða þennan kostnað.

6.27 *Sendiherrabústaður í Kaupmannahöfn*. Óskað er eftir 242,2 m.kr. vegna kaupa og endurbóta á nýjum sendiherrabústað í Kaupmannahöfn ásamt kaupum á húsgögnum. Í hagræðingarskyni var ákveðið að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn og kaupa þess í stað ódýrara og hagkvæmara hús. Áætlað er að eldri bústaður verði seldur fyrir 372 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild sem nemur hagnaði af sölunni umfram kaup á nýjum bústað verði ráðstafað til verkefna tengdum nauðsynlegu viðhaldi fasteigna og tækjakaupum utanríkisþjónustunnar eins og nánar er tilgreint undir öðrum viðfangsefnum þessa fjárlagaliðar.

6.28 *Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn*. Óskað er eftir 30 m.kr. framlagi vegna halla frá fyrri árum á framkvæmdum við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn. Áformað er að ráðstafa hluta af söluandvirði sendiráðsbústaðar Íslands í Kaupmannahöfn til að greiða þennan kostnað.

6.29 *Bústaður aðalræðismanns í Þórshöfn, Færeyjum*. Óskað er eftir 87,9 m.kr. framlagi vegna kaupa og endurbóta á bústað ræðismanns Íslands í Þórshöfn ásamt kaupum á húsgögnum. Kaupverð hússins var 5.560 þús. danskar krónur og er hér miðað við gengisforsendur fjárlaga 2007. Á móti kaupunum kemur sala á bústað varamanns sendiherra í Stokkhólmi sem færir á tekjuhlið ríkissjóðs.

#### 401 Alþjóðastofnanir.

1.10 *Sameinuðu þjóðirnar, UN*. Óskað er eftir 40 m.kr. framlagi vegna hlutar Íslands í kostnaði við endurbyggingu höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna í New York. Um er að ræða samningsbundið framlag.

1.87 *Íslensk friðargæsla*. Óskað er eftir 200 m.kr. fjárheimild vegna loftflutninga fyrir NATO í samræmi við yfirlýsingar forsætisráðherra á leiðtogafundi NATO í Riga 2006 og samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar.

**611 Útflutningsráð Íslands.**

*1.10 Útflutningsráð Íslands.* Óskað er eftir 40,8 m.kr. hækkunar á fjárveitingu til Útflutningsráðs í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

**04 Landbúnaðarráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 321,1 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO.* Farið er fram á 1,6 m.kr. hækkun á sammingsbundnu framlagi til Norður-Atlantshafslaxveiðinefndarinnar, NASCO. NASCO var stofnsett í Reykjavík árið 1984 í þeim tilgangi að stuðla að verndun, uppbyggingu og skynsamlegri nýtingu laxastofna í Norður Atlantshafi. NASCO skrifstofan reiknar árlegt framlag út frá þeim laxveiðitölum sem gefnar eru upp af löndunum og staðfestar eru af Alþjóða hafrannsóknaráðinu, ICES.

**262 Landbúnaðarháskóli Íslands.**

*1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands.* Óskað er eftir 64 m.kr. fjárveitingu vegna uppgjörðs á uppsöfnuðum halla Landbúnaðarháskóla Íslands á árinu 2007. Rekstrarhalli skólans var síðast gerður upp í fjárukalögum 2005. Gert er ráð fyrir að Landbúnaðarháskóli Íslands ásamt Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal færast til menntamálaráðuneytis frá landbúnaðarráðuneyti um áramótin 2007-2008 í samræmi við breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins.

**311 Landgræðsla ríkisins.**

*1.90 Fyrirhleðslur.* Farið er fram á 23 m.kr. framlag vegna brýnna aðgerða við að stöðva landbrot, gróðureyðingu og mannvirki við Krossá í Þórsmörk.

**325 Hekluskógar.**

*1.01 Hekluskógar.* Lagt er til veittar verði 14 m.kr. til Hekluskóga í samræmi við samstarfssamning ríkissjóðs, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Markmið verkefnisins er að koma á landgræðslu og endurheimt skóg- og kjarrlendis á Heklusvæðinu. Samkvæmt samningnum skuldbindur ríkissjóður sig til að greiða 28 m.kr. árið 2007 og 50 m.kr. á ári til og með árinu 2016 til Hekluskóga. Inn í árlegum framlögum ríkissjóðs er 14 m.kr. fjárveiting sem runnið hefur til Skógræktar ríkisins vegna Hekluskóga. Heildarframlög ríkisins til Hekluskóga munu því aukast um 14 m.kr. fyrir árið 2007 og 36 m.kr. á ári á tímabilinu 2008 - 2016 að báðum árum meðtöldum.

## 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.

*1.01 Beinar greiðslur til bænda.* Gerð er tillaga um 50,4 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2007.

*1.02 Lífeyrissjóður bænda.* Gerð er tillaga um 1,8 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum.

*1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi.* Gerð er tillaga um 1,9 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2007.

*1.06 Gripagreiðslur.* Óskað er eftir samtals 30,6 m.kr. viðbótarframlag til þessa viðfangsefnis. Farið er fram á að gripagreiðslur af holdanautum verði tvöfaldaðar, eða úr 25 m.kr. í 50 m.kr. Við gerð mjólkursamnings, sem tók gildi í september 2005, voru gripagreiðslur teknar upp. Var þeim ætlað að styrkja stöðu nautakjötsframleiðenda á kjötmarkaði. Til að tryggja áframhaldandi framleiðslu á íslensku nautakjöti er lagt til að framlög til gripagreiðslna verði tvöfölduð. Í annan stað er gerð tillaga um 5,6 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2007.

## 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

*1.01 Beinar greiðslur til bænda.* Gerð er tillaga um 83,3 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2007 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.02 Lífeyrissjóður bænda.* Gerð er tillaga um 4,8 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum.

*1.03 Jöfnunargreiðslur.* Gerð er tillaga um 1 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2007 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar.* Gerð er tillaga um 30,9 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2007 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.05 Niðurgreiðslur á ull.* Gerð er tillaga um 7 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2007 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður.* Gerð er tillaga um 6,8 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2007 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

## 05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 441 m.kr.

### 101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að 2 m.kr. verði millifærðar af aðalskrifstofu yfir á ráðstöfunarfé ráðherra. Með þeirri breytingu verður ráðstöfunarféð samtals 5 m.k.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins.* Óskað er eftir 72 m.kr. vegna kostnaðar við biðlaun fyrrum starfsmanna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Í byrjun árs 2007 sameinuðust þrjár stofnanir sem unnið höfðu að matvælarannsóknum og þróun í tengslum við matvælaiðnað í hlutafélaginu Mátis ohf. Það voru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar. Í kjölfar sameiningarinnar nýtti hluti starfsmanna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins biðlaunarétt sinn og fellur til kostnaður vegna þess á árinu 2007.

### 199 Ráðstöfunarfé.

*1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra.* Lagt er til að 2 m.kr. verði millifærðar af aðalskrifstofu yfir á ráðstöfunarfé ráðherra. Með þeirri breytingu verður ráðstöfunarféð samtals 5 m.k.

### 202 Hafrannsóknastofnunin.

*1.01 Hafrannsóknastofnunin.* Óskað er eftir samtals 219 m.kr. hækkun á fjárveitingu til stofnunarinnar. Í fyrsta lagi er óskað eftir 84 m.kr. framlagi vegna sameiginlegrar hvalatalningar á árinu 2007. Skipulegar talningar úr skipum og flugvélum eru almennt taldar besta aðferðin til að fá áreiðanlegt mat á fjölda hvala á tilteknum hafsvæðum. Árið 1987 hófust talningar vítt og breitt um Norður-Atlantshaf í samstarfi við Danmörk (Grænland), Færeyjar, Noreg og Spán og voru sambærilegar talningar gerðar árin 1995 og 2001. Niðurstöður talninganna árin 1987 og 1995 voru helsti grundvöllur úttekta Vísindanefndar NAMMCO á ástandi stofna hrefnu og langreyðar hér við land.

Í öðru lagi er óskað eftir 50 m.kr. fjárveitingu til svonefnds togararalls sem gegnir mikilvægu hlutverki við mat á ástandi þorskstofnsins og styrkleika uppvaxandi árganga. Ljóst þykir að stækkun svæða, bæði á grunnslóð og djúpslóð, vegna breytinga sem nú virðast eiga sér stað á ástandi sjávar og útbreiðslu fisktegunda er óhjákvæmleg. Gert er ráð fyrir að árlega verði 50 m.kr. veitt til þessa verkefnis árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 40 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við leigu á skipum til vísindaveiða á hrefnu á árinu 2007. Sjávarútvegsráðuneytið hefur undanfarin þrjú ár gert samning við Félag hrefnuveiðimanna um veiðarnar og skuldbindur það sig til að veiða í vísindaskyni þær 39 hrefnur sem eftir eru samkvæmt rannsókn- og framkvæmdaáætlun um veiðar á hrefnu í vísindaskyni.

Í fjórða lagi er lagt til 25 m.kr. framlag vegna aukins kostnaðar við loðnuleit. Nauðsynlegt var að auka loðnurannsóknir í janúar sl. umfram það sem gert var ráð fyrir í starfsáætlun vegna breytinga á magni og útbreiðslu á loðnu.

Í fimmta og síðasta lagi er óskað eftir 20 m.kr. fjárveitingu til eflingar Hafrannsóknastofnunar á Ólafsvík. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

## **206 Matvælarannsóknir.**

*1.01 Matvælarannsóknir.* Óskað er eftir samtals 150 m.kr. viðbótarfjárveitingu til þessa liðar. Annars vegar er farið fram á 130 m.kr. til matvælarannsókna. Með lögum um Mátis ohf. voru matvælarannsóknir færðar í eitt fyrirtæki frá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, matvælarannsóknastofu Iðntæknistofnunar og Landbúnaðarháskóla Íslands og frá Umhverfisstofnun. Rekstur hófst í byrjun þessa árs og hefur fallið til nokkur kostnaður sem ekki var talinn í bókhaldi þeirra fyrirtækja sem sameinuðust. Er þar um að ræða kostnað vegna afskrifta tækja og búnaðar, fjármagnskostnað, lífeyris- skuldbindingar og fjárreiðubjónustu. Auk þess hafa tekjur af seldri þjónustu lækkað tímabundið. Er því lagt til að fjárveiting til kaupa á matvælarannsóknum verði aukin tímabundið um 130 m.kr. en sú fjárhæð mun fara lækkandi á næstu árum þar til rekstur fyrirtækisins er kominn á fastann grunn. Í annan stað er óskað eftir 20 m.kr. fjárveitingu til eflingar Matvælarannsókna Íslands á Hornafirði. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

## **06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 693,3 m.kr.

### **101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að veitt verði 13,5 m.kr. framlag vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um útsendan starfsmann í Peking sem starfa mun við vegabréfsáritanir. Á grundvelli tillagna frá dómsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti hefur ríkisstjórnin samþykkt að taka upp útgáfu Schengen-vega-

bréfsáritana í sendiráði Íslands í Peking en um er að ræða tilraunaverkefni í tvö og hálf ár. Árlegur kostnaður sem fellur til hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu nemur 18 m.kr. Í samþykkt ríkisstjórnar var við það miðað að verkefnið hæfist í upphafi þessa árs en vegna tafa hófst það 1. apríl. Kostnaður á þessu ári nemur því 13,5 m.kr., 18 m.kr. á árinu 2008 og að lokum 13,5 m.kr. árið 2009. Einnig mun falla til kostnaður hjá utanríkisráðuneytinu og er hann áætlaður 6 m.kr. á þessu ári, 3 m.kr. á árinu 2008 og 2 m.kr. á árinu 2009. Gert hefur verið ráð fyrir sambærilegum framlögum vegna málsins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

## **102 Stjórnartíðindi.**

*1.01 Stjórnartíðindi.* Lagt er til að útgjaldaheimild Stjórnartíðinda verði hækkuð um 15,6 m.kr. þannig að hún verði alls 24,7 m.kr. eða jafn há og áætlaðar tekjur af sölu birtinga á efni í ritinu. Í fjárlögum ársins 2005 lækkaði ráðuneytið fjárheimildina um svipaða fjárhæð og var þá miðað við að prentkostnaður og fleiri útgjöld myndu lækka í tengslum við lagabreytingu sem heimilaði að útgáfan yrði færð yfir í rafrænt form á Netinu. Miðað við þessi áform var gert ráð fyrir að tekjur Stjórnartíðinda yrðu um 25 m.kr. á ári en útgjöld u.þ.b. helmingi lægri. Þessi áætlun hefur ekki gengið eftir heldur hafa útgjöldin reynst vera verulega umfram tekjur þannig að gera má ráð fyrir að uppsafnaður halli á þessari útgáfustarfsemi dómsmálaráðuneytisins hafi verið í kringum 70 - 80 m.kr. í lok ársins 2006. Þessi fjárveiting er ætluð til að koma í veg fyrir að umframgjöldin aukist á þessu ári.

## **106 Þjóðskrá.**

*1.01 Þjóðskrá.* Lagt er til að veitt verði 48,1 m.kr. til kaupa á vegabréfabókum. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að kaupa 40 þús. vegabréfabækur á ári og kostnaður við það var metinn á um 44,6 m.kr. Í ljós hefur komið að nauðsynlegt er að kaupa 45 þús. bækur vegna ársins 2007 og er ekki ástæða til að ætla að sú tala lækki. Einnig þarf að gera ráð fyrir aukabirgðum og hefur verið miðað við um 15 þús. bækur. Heildarinnkaup á árinu 2007 þurfa því að nema um 60 þús. bókum. Einnig hefur komið í ljós að gera þarf ráð fyrir sköttum og gjöldum af innkaupum bókanna auk þess að gengi evru hefur hækkað frá því sem miðað var við í upphaflegum áætlunum. Heildarkostnaður við 60 þús. bækur með opinberum gjöldum nemur 92,7 m.kr. og er mismunurinn á þeim kostnaði og upphaflegri áætlun því um 48,1 m.kr. Gert hefur verið ráð fyrir sambærilegri hækkun vegna vegabréfabókanna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

## **111 Kosningar.**

*1.10 Kosningar.* Lagt er til að framlag liðarins verði aukið um 130 m.kr. til að standa undir útgjöldum vegna kosninga til Alþingis á árinu 2007. Í fjárlögum 2007 var áætlað fyrir útgjöldum ríkisins vegna kosninganna miðað við svipuð útgjöld og féllu til á

árinu 2003. Með lagabreytingu nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, er kveðið á um þá breytingu að í lögum um kosningar til Alþingis komi ríkissjóður í stað sveitarsjóða að því er varðar greiðslu kostnaðar sem sveitarsjóðir hafa hingað til borið. Er þar um að ræða kostnað vegna starfa undirkjörstjórna og kjörstjórna, fyrir húsnæði til kjörfunda o.fl. Breytt fyrir-komulag á þessu er með þeim hætti að ríkið greiðir sveitarstjórnnum 430 kr. fyrir hvern mann á kjörskrá og 300 þús. kr. fyrir hvern kjörstað en að sveitarstjórnir annast um framkvæmd kosninganna eins og verið hefur, þ.á.m. að greiða þóknunir til starfsfólks kjörstjórnar, útvega húsnæði og aðstöðu o.þ.h.

## 190 Ýmis verkefni.

*1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg.* Lagt er til að veitt verði 12,5 m.kr. viðbótarfjár-veiting til björgunarsveita til kaupa á Tetra-fjarskiptabúnaði. Þann 20. október 2006 undirrituðu dóms- og kirkjumálaráðherra, samgönguráðherra, fjármálaráðherra og Slysavarnarfélagið Landsbjörg samkomulag um aðgang að neyðar- og öryggisfjar-skiptakerfinu Tetra. Tillagan er gerð á grundvelli þessa samnings en fjárhæðin nemur um fjórðungi kostnaðar sem til fellur á þessu ári og munu björgunarsveitirnar bera annan kostnað sem til fellur á árinu.

*1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins.* Í fjárlögum fyrir árið 2007 er heimild til að selja varðskipið Óðinn eða ráðstafa því með öðrum hætti. Ríkisstjórnin samþykkti að leggja til að skipinu verði ráðstafað til Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins og að ríkissjóður leggi þeim til 5 m.kr. árlega til að taka þátt í hluta af kostnaði við að reka skipið og halda því við. Hollvinasamtökin fyrirhuga að koma á fót í skipinu minjasafni um landhelgisbaráttuna og þorskastríðin. Gert er ráð fyrir jafn háu framlagi vegna verkefnisins í fjárlagafrumvarpi ársins 2008.

## 201 Hæstiréttur.

*1.01 Hæstiréttur.* Óskað er eftir samtals 8,8 m.kr. fjárveitingu til þessa fjárlagaliðar. Í fyrsta lagi er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar lagt til að fjárheimild dómstólsins verði hækkuð um 3,6 m.kr. á þessu ári vegna útgáfu hæstaréttardóma. Á undanföllum árum hafa tekjur vegna sölu á dómum minnkað umtalsvert enda hægt að nálgast dómama á vefsíðu réttarins. Er svo komið að halli er á útgáfunni en talið er að umtalsverð hækkuð á söluverði muni fækka kaupendum enn frekar. Dóms- og kirkju-málaráðuneytið telur óhjákvæmilegt að útgáfa dóma réttarins á prenti haldist, þótt unnt sé að nálgast dómama á vefsíðu réttarins. Framlag miðast við að prentuð verði árlega 200 eintök af dómum réttarins og af þeim kaupi ríkissjóður árlega 50 eintök en önnur verði sett á markað á kostnaðarverði. Upphafskostnaður er um 3,6 m.kr. en árlegur kostnaður verður síðan 0,9 m.kr. og er gert ráð fyrir honum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

Í öðru lagi er lagt til að fjárveiting verði aukin um 3 m.kr. vegna kostnaðar við fjóra löglærða fulltrúa hæstaréttar. Fulltrúum var fjölgað úr þremur í fjóra á árinu 2005 en ljóst er að fækka verður þeim aftur ef ekki kemur til hækkunar á framlagi.

Í þriðja lagi er lagt til að framlag hækki um 1,2 m.kr. vegna hækkunar sem orðið hefur á húsaleigu dómstólsins.

Í fjórða og síðasta lagi er lagt til að veitt verði 1 m.kr. framlag vegna öflunar vettvangsgagna í þjóðlendu- og landamerkjámálum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum.

### 303 Ríkislögreglustjóri.

*1.01 Ríkislögreglustjóri.* Óskað er eftir samtals 79,8 m.kr. hækkun á fjárheimild fjárlagaliðarins en þar af eru 67,8 m.kr. millifærslur af öðrum liðum. Í fyrsta lagi er lagt til að 51,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum til embættis ríkislögreglustjóra vegna sérsveitarmanna. Lögum samkvæmt fer ríkislögreglustjóri með skipunarvald vegna sérsveitarmanna. Ákveðið hefur verið að taka upp sömu skipan varðandi sérsveitarmenn sem staðsettir hafa verið hjá lögreglustjóra Suðurnesja og er á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri þannig að uppbygging og stjórn sérsveitarinnar sé alfarið hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir sambærilegri tilfærslu á fjárheimildum milli embættanna.

Í öðru lagi er lagt til að millifæra 15,9 m.kr. af safnið samgönguráðuneytisins, *10-190-1.19 Útgáfa ökuskírteina*, til embættis ríkislögreglustjóra. Í kjölfar flutnings umferðarmála og umferðaröryggismála frá dómsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins fluttist ábyrgð og fjárveiting vegna útgáfu ökuskírteina einnig til samgönguráðuneytisins. Embætti ríkislögreglustjóra ber hins vegar ábyrgð á ökuskírteinaskrá og gerir samninga við birgja um kaup á kortum og framleiðslu þeirra. Ökuskírteini hafa verið framleidd í Þýskalandi samkvæmt samningi. Samningurinn rann út á þessu ári og er talið heppilegt að endurskoða fyrirkomulag framleiðslu ökuskírteina. Með vísan til þessa hefur það orðið að samkomulagi milli ráðuneytanna að ábyrgð á framleiðslu skírteinanna verði að fullu hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er gert ráð fyrir sambærilegri tilfærslu fjárveitingar milli ráðuneytanna.

Í þriðja lagi er lagt til að veittar verði 12 m.kr. til að standa undir kostnaði við starf tengslafulltrúa embættisins hjá Europol í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar. Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra hefur verið virkur þátttakandi í alþjóðasamstarfi lögreglu og notið góðs af tengslum við alþjóðastofnanir, s.s. EUROPOL og INTERPOL. Mikill ávinningur hefur verið af þessu samstarfi lögreglunnar bæði til þess að afla upplýsinga um erlenda aðila hér á landi sem lögregla þarf að hafa afskipti af sem og Íslendinga sem koma við sögu hjá lögreglu erlendis. Verkefnið er fyrst til reynslu í tvö ár. Samsvarandi tillaga er gerð í frumvarpi til fjárlaga ársins 2008.



Loks er gert ráð fyrir að beint greiðsluframlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði hækki um 2,8 m.kr. Við 2. umræðu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007 var greiðsluframlagið lækkað vegna áforma um hækkun áfengisgjalds, en hluti þess rennur til stofnunarinnar. Var það gert í tengslum við lækkun virðisaukaskatts á matvæli og áfengi o.fl. Ekki varð af hækkun áfengisgjaldsins og er fjármögnun útgjalda stofnunarinnar með greiðslum úr ríkissjóði því færð aftur í fyrra horf en þá hefur einnig verið tekið mið af endurskoðaðri áætlun um tekjurnar af gjaldinu í ár.

### **310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.**

*1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.* Lagt er til að veitt verði 94 m.kr. fjárheimild vegna biðlaunakostnaðar í tengslum við stofnun nýs lögregluembættis á höfuðborgarsvæðinu. Við stofnun lögregluembættisins voru lögð niður 13 störf hjá Lögreglunni í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði eða breytingar á þeim urðu svo verulegar að um ný störf var að ræða eftir sameininguna. Við niðurlagningu og breytingu þessara starfa myndaðist biðlaunaréttur sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Í annan stað er gert ráð fyrir að beint greiðsluframlag úr ríkissjóði hækki um 7,6 m.kr. Við 2. umræðu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007 var greiðsluframlagið lækkað vegna áforma um hækkun áfengisgjalds, en hluti þess rennur til stofnunarinnar. Ver það gert í tengslum við lækkun virðisaukaskatts á matvæli og áfengi o.fl. Ekki varð af hækkun áfengisgjaldsins og er fjármögnun útgjalda stofnunarinnar með greiðslum úr ríkissjóði því færð aftur í fyrra horf en þá hefur einnig verið tekið mið af endurskoðaðri áætlun um tekjurnar af gjaldinu í ár.

### **312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.**

*1.20 Löggesla.* Óskað er eftir samtals 106,4 m.kr. viðbótarframlagi til embættisins. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárveiting verði aukin um 158,3 m.kr. vegna fjárhagsvanda sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli í árslok 2006. Um sl. áramót tóku gildi lög nr. 46/2006, um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989. Við þá breytingu var sett á fót embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum sem jafnframt er sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli. Unnið hefur verið að skoðun á fjárhagsstöðu embættisins og tekur tillagan mið af því að embættið hefji rekstur á grundvelli breytinga og nýrra laga án uppsafnaðs vanda. Um er að ræða 148,3 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2006, auk 10 m.kr. hlutdeildar í halla sýslumannsembættisins í Keflavík, samtals 158,3 m.kr.

Í öðru lagi er lagt til að 51,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum til embættis ríkislögreglustjóra vegna sérsveitarmanna. Lögum samkvæmt fer ríkislögreglustjóri með skipunarvald vegna sérsveitarmanna. Ákveðið hefur verið að taka upp sömu skipan varðandi sérsveitarmenn sem staðsettir hafa verið hjá lögreglustjóra Suðurnesja og er á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

þannig að uppbygging og stjórn sérsveitarinnar sé alfarið hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir sambærilegri tilfærslu á fjárheimildum milli embættanna.

### 325 Neyðarsímsvörun.

*1.10 Neyðarsímsvörun.* Gerð er tillaga um 22,5 m.kr. hækkun framlags til Neyðarlínunnar. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 hefur verið unnið að uppbyggingu TETRA-fjarskiptakerfisins og var nýr áfangi þess tekinn í notkun 1. maí s.l. Er reiknað með því að kerfið nái til landsins alls fyrir lok þessa árs. Áætlaður viðbótarrekstrarkostnaður er 45 m.kr. á ári frá og með 1. júlí 2007 og stendur sú fjárhæð undir kostnaði við notkun lögreglu, björgunarsveita og almannavarna. Gert er ráð fyrir fjárveitingu vegna verkefnisins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

### 395 Landhelgisgæsla Íslands.

*1.90 Landhelgisgæsla Íslands.* Lagt er til að veitt verði 17 m.kr. framlag vegna leigu á þyrlum fyrir Landhelgisgæsluna. Við undirbúning að leigu á þyrlum á síðasta ári var ljóst að leigutímabil þyrlna gætu skarast. Í samráði við fjármálaráðuneytið var ákveðið að áætla ekki fyrir þeim kostnaði heldur myndi Landhelgisgæslan leitast við að komast hjá þessu eða stytta þennan tíma. Fjárveitingar vegna leigu og trygginga miðast því við að ekki sé um skörun að ræða milli leigusamninganna. Nú liggur fyrir að óhjákvæmilegt er að til falli 17 m.kr. kostnaður vegna þessa.

### 398 Útlendingastofnun.

*1.01 Útlendingastofnun.* Óskað er eftir samtals 57 m.kr. hækkun á fjárveitingu til stofnunarinnar. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag vegna samnings við Reykjanesbæ um umönnun og vistun hælisleitenda hækki um 30 m.kr. og verði samtals 55 m.kr. Allt frá árinu 2005 hafa árleg útgjöld vegna samningsins verði a.m.k. 30 m.kr. hærri en þær 25 m.kr. sem á sínum tíma voru veittar vegna þessa verkefnis. Stofnunin getur ekki stýrt þeim sveiflum sem verða á fjölda hælisleitenda og hefur aðeins forræði á afgreiðslu mála þeirra þar til hún hefur kveðið upp úrskurð sinn. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun vegna samningsins í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í öðru lagi er lagt til að framlag til Útlendingastofnunar hækki um 22 m.kr. vegna stóraukins umfangs í starfsemi hennar á síðustu árum. Mál hælisleitenda hafa orðið umfangsmeiri og hefur þurft að fjölga starfsfólki sem starfar við þau og einnig hefur kostnaður hækkað við túlka, tungumálapróf, staðhátarpróf og aldursgreiningar. Jafnframt hefur bæst við kostnaður vegna læknisskoðana hælisleitenda. Meginstoðin í starfi stofnunarinnar er þó útgáfa dvalarleyfa og hefur fjöldi umsókna aukist gífurlega, eða úr 5.266 árið 2003 í 16.796 árið 2006. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun framlags í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í þriðja lagi er farið fram á 3 m.kr. viðbótarfjárheimild til innleiðingar á rafrænu afgreiðsluferli EES umsókna. Stofnunin leitar leiða til að hagræða og er gert ráð fyrir að rafræn afgreiðsla umsókna muni miða að því. Með tæknivæddara afgreiðsluferli gerir stofnunin ráð fyrir að ekki þurfa að bæta við fleirum en tveimur starfsmönnum í þetta verkefni þrátt fyrir 100% aukningu dvalarleyfisumsókna.

Í fjórða og síðasta lagi er óskað eftir 2 m.kr. framlagi til að halda ráðstefnu um samhengið milli innflutnings og aðlögunar fólks á grundvelli Evrópusamstarfs á sviði útlandingamála. Gert er ráð fyrir um 80 þátttakendum á ráðstefnunni.

#### **430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.**

*1.05 Lögbirtingablað.* Lagt er til að gjöld og tekjur Lögbirtingablaðs hækki um 4,4 m.kr. til samræmis við rekstraráætlun sýslumannsembættisins í Vík í Mýrdal.

#### **434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ.**

*1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ.* Lagt er til að gjöld og tekjur lækki um 28,5 m.kr. Með nýjum lögum tók Þjóðskrá við útgáfu vegabréfa og fól sýslumanninum í Keflavík framleiðslu þeirra. Í fjárlögum 2007 var gert ráð fyrir að Þjóðskráin keypti þessa þjónustu af embættinu sem hefði þá sértekjur af sölu hennar til að standa undir framleiðslukostnaðinum. Nú hefur verið ákveðið að framleiðslan í Njarðvíkum verði á vegum Þjóðskrár en ekki sýslumannsembættisins og eru því gjöld og tekjur lækkaðar sem því nemur. Gerð er sambærileg breyting á fjárreiðum embættisins í frumvarpi til fjárlaga 2008.

#### **501 Fangelsismálastofnun ríkisins.**

*1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins.* Óskað er að fjárveiting til stofnunarinnar hækki samtals um 63,9 m.kr. í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til stofnunarinnar verði hækkað um 30,4 m.kr. vegna breytinga á stofnanasamningi við fangaverði sem gerðar voru í maí sl. Kostnaður á heilu ári nemur 69,8 m.kr. og hefur verið gert ráð fyrir honum í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í öðru lagi er gerð tillaga um hækkun framlags um 12,3 m.kr. Í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnar um breytingar og stækkun fangelsis á Kvíabryggju þarf að fjölga fangavörðum um þrjá og einnig hækkar breytilegur kostnaður, aðallega vegna fæðiskostnaðar fanga. Stækkun fangelsisins kallar einnig á breytta yfirstjórn og að skipað verði í stöður varðstjóra og aðstoðarvarðstjóra en nú er þar enginn yfirmaður utan forstöðumanns. Jafnframt er brýnt að ráða skrifstofumann til fangelsisins vegna aukinna umsvifa við daglegan rekstur. Árlegur viðbótarkostnaður er áætlaður 24,2 m.kr. en við það er miðað að fangelsið tók til starfa eftir breytingar um miðjan ágúst. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2008 er gert ráð fyrir sambærilegri aukningu rekstrar-kostnaðarins.

Í þriðja lagi er lagt til að veittar verði 12 m.kr. til að gera stofnuninni kleift að gera breytingar á samsetningu starfsmanna sinna. Í síðustu kjaraviðræðum Samninga-nefndar ríkisins og SFR var farið yfir hvernig mæti laga samsetningu starfsmanna-hópsins betur að þörfum stofnunarinnar og byggir tillagan á útfærslu á þeim hug-myndum. Sambærileg tillaga er einnig í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í fjórða og síðasta lagi er, í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar, lagt til að hækka framlag til Fangelsismálastofnunar um 9,2 m.kr. í ár og framvegis til að standa undir kostnaði við endurskoðun samnings við félagasamtökin Vernd. Tillagan tekur mið af hækkun framlags á hvern dag miðað við hækkun verðlags frá árinu 1997 og nýtingu rýma hjá Vernd. Auk þess er lagt til að veitt verði 1 m.kr. á ári til að efla með-ferðarúrræði hjá Vernd en fyrirhugað er að ráða faglærðan vímuefnaráðgjafa. Gert hefur verið ráð fyrir sömu hækkun framlagsins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

## 705 Kirkjumálasjóður.

*1.10 Kirkjumálasjóður.* Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkju-málasjóðs um 0,3 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 11,3% af sóknargjöldum til safnaða þjóðkirkjunnar en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2005 og 2006 var 9,9%, eða lítið eitt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, en á móti vegur að fjölgun einstaklinga í þjóðkirkjunni varð minni en reiknað var með.

## 735 Sóknargjöld.

*1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar.* Lagt er til að lögboðið framlag til þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 1,9 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjár-lögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðal-tekjuskattsstofns milli tekjuáranna 2005 og 2006 var 9,9%, eða lítið eitt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, en á móti vegur að fjölgun einstaklinga í þjóðkirkjunni varð minni en reiknað var með.

*1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga.* Lagt er til að lögboðið framlag til annarra trú-félaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 12,2 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2005 og 2006 var 9,9%, eða lítið eitt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, og fjölgun einstaklinga í þessum trú-félögum varð meiri en reiknað var með.

### 736 Jöfnunarsjóður sókna.

*1.10 Jöfnunarsjóður sókna.* Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 0,4 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum til safnaða þjóðkirkjunnar en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2005 og 2006 var 9,9%, eða lítið eitt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, en á móti vegur að fjölgun einstaklinga í þjóðkirkjunni varð minni en reiknað var með.

## 07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 1.765,8 m.kr.

### 205 Leiguíbúðir.

*6.21 Leiguíbúðir.* Gert er ráð fyrir 1.100 m.kr. fjárheimild vegna skuldbindingar ríkissjóðs til að niðurgreiða vexti af lánum sem veitt verða á árinu 2007 til byggingar 400 leiguíbúða. Bygging íbúðanna er hluti af tímabundnu átaki sem miðar að því að fjölga leiguíbúðum um 1.600 á tímabilinu 2006 til ársloka 2009 eða að jafnaði um 400 íbúðir á ári. Átakið er framhald af hliðstæðu átaki frá næstliðnum fjórum árum en á þeim tíma voru byggðar um 1.000 íbúðir. Ekki var gert ráð fyrir mikilli aukningu frá fyrra ári í byggingu þessara íbúða en raunin hefur orðið önnur. Lán til byggingar íbúðanna eru veitt með 3,5% vöxtum og greiðir ríkissjóður vaxtamuninn milli almennra útlánsvaxta á því vaxtastigi og sjóðsins sem nú eru 5,10% að frádregnu afskrifta- og uppgreiðsluréttarálagi sem er samtals 0,45%. Vaxtamunurinn árið 2007 er því áætlaður 1,15%. Núvirt skuldbinding ríkissjóðs vegna þessara framlaga nemur 1.100 m.kr. út láns-tímamann sem er 50 ár, miðað við 5% ávöxtunarkröfu. Lánin skulu aðeins veitt þeim aðilum sem leigja íbúðirnar til einstaklinga sem uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðislaga. Árleg greiðsluheimild nemur um 60 m.kr. til greiðslu vaxtamunarins fyrir hverjar 400 íbúðir. Í fjárlögum 2007 eru 180 m.kr. til niðurgreiðslu vaxta en ekki var gert ráð fyrir aukningu íbúða á því ári eins og áður er nefnt. Í þessari tillögu er því gert ráð fyrir 1.100 m.kr. skuldbindingu ríkissjóðs auk 60 m.kr. greiðsluheimildar sem er niðurgreiðsla vaxtamunar yfirstandandi árs.

### 400 Barnaverndarstofa.

*1.20 Heimili fyrir börn og unglinga.* Farið er fram á 9 m.kr. til að mæta kostnaði við viðhald og endurbætur á húsnæði að Efri Brú Grímsnesi. Félagsmálaráðuneytið hefur leigt þetta húsnæði af Fasteignum ríkisins. Starfsemi Byrgisins var þar til húsa en frá og með 1. júlí 2007 mun Barnaverndarstofa yfirtaka leigusamninginn og veita Götu-

smiðjunnri afnot af húsnæðinu. Við þessi aðilaskipti töldu Fatseignir ríkissjóðs brýnt að ráðast í viðhald, þrif og endurbætur á húsnæðinu sem ella hefðu beðið í einhver ár. Sú fjárhæð sem farið er fram á til þessa verkefnis byggir á kostnaðaráætlun frá Fasteignum ríkissjóðs.

#### **700 Málefni fatlaðra.**

*1.90 Ýmis verkefni.* Lagt er til að veitt verði 38 m.kr. framlag í tilraunaverkefni sem miðar að því að þjónusta sjúklinga í öndunarvél í heimahúsum. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist í apríl árið 2007 og standi til ársloka 2008. Áætlað er að sjúklingur þurfi sólarhringsþjónustu til að sinna aðstoð við athafnir daglegs lífs sem jafngildir 23 m.kr. í launakostnað að teknu tilliti til veikinda og orlofs. Heimahjúkrun myndi að auki sinna sérhæfðri umönnun og hjúkrun eftir þörfum og vera faglegur bakhjarl starfsmanna. Kostnaður vegna einnota hjúkrunarvara, sem er um 0,5 m.kr. á ári á mann, hjólastóla, umhverfisstjórnunarbúnaðar og annarra hjálpartækja yrði greiddur af hefðbundnum framlögum ríkisins og er ekki inni í fyrrgreindum tölum. Lagt er til að í fyrstu verði einum einstaklingi veitt þjónusta en tveir til þrír í lok árs. Tillaga er um 82 m.kr. tímabundið framlag í þetta verkefni í fjárlagafrumvarpi 2008. Verkefninu lýkur í lok þess árs.

#### **701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.**

*1.01 Almennur rekstur.* Lagt er til að liðurinn hækki um 98 m.kr. með flutningi fjárheimilda frá Landspítala í þeim tilgangi að taka yfir rekstur sambýla geðfatlaðra. Í byrjun þessa árs gerðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og félagsmálaráðherra með sér samkomulag um að félagsmálaráðuneyti tæki yfir rekstur þriggja sambýla geðfatlaðra af Landspítala. Tvö sambýli við Flókagötu fluttust 1. september 2006 til félagsmálaráðuneytis og sambýlið við Esjugrund, Kjalarnesi í ársbyrjun 2007. Samkvæmt samkomulaginu er lagt til að 90 m.kr. rekstrarfjárveiting flytjist til félagsmálaráðuneytis vegna þessa auk 8 m.kr. vegna breytinga á launum og verðlagi. Samsvarendi lækkun verður á liðnum 08-373 Landspítali í frumvarpinu.

#### **722 Sólheimar í Grímsnesi.**

*1.70 Sólheimar í Grímsnesi.* Óskað er eftir 5 m.kr. framlagi til Sólheima vegna fjölgunar vistmanna. Á miðju ári 2006 var fjölgað um tvo vistmenn að Sólheimum en áætlað er að hvert rými kosti 5 m.kr. á ári. Í fjárlögum ársins 2006 er 5 m.kr. framlag vegna þessarar aukningar sem var fjárveiting fyrir hálf ár. Því vantar 5 m.kr. vegna ársins 2007 til að mæta kostnaði fyrir heilt ár. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er lagt til að varanlegar greiðslur til heimilisins verði 10 m.kr.

## **750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.**

*1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.* Farið er fram á 41,3 m.kr. fjárheimild til að vinna á biðlistum eftir þjónustu stöðvarinnar í samræmi við þingályktun um aðgerðir til að styrkja stöðu barna í samfélaginu.

## **801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 1.144 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2007. Spáin miðast við að skatttekjur verði 384.424 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars hafi verið 657.519 m.kr. árið 2007.

*1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög.* Farið er fram á 700 m.kr. framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga í samræmi við 4. t.l. viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. mars 2007.

## **980 Vinnumálastofnun.**

*1.01 Vinnumálastofnun.* Óskað er eftir 15 m.kr. framlagi til að efla vinnumarkaðsúrræði. Samdráttur í sjávarútvegi og spár um tæplega 3% atvinnuleysi á næsta ári mun auka þörf fyrir stuðningsaðgerðir og vinnumarkaðsúrræði á vegum Vinnumálastofnunar. Auk þessarar tillögu er gert ráð 45 m.kr. á árinu 2008 til að bregðast við auknu atvinnuleysi. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Í annan stað er lagt til að og útgjöld og sértekjur stofnunarinnar hækki um 40 m.kr. vegna aukins kostnaðar af umsýslu Fæðingaorlofssjóðs en gert er ráð fyrir sömu hækkun á fjárlagaliðs sjóðsins í frumvarpinu.

## **982 Ábyrgðasjóður launa.**

*1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota.* Áætlað er að vaxtagjöld Ábyrgðasjóðs launa af skuld við ríkissjóð hækki um 40 m.kr. frá því sem áætlað var í gildandi fjárlögum og verði 100 m.kr.

## **984 Atvinnuleysistryggingasjóður.**

*1.11 Atvinnuleysisbætur.* Lagt er til að útgjaldaheimild sjóðsina verði lækkuð um 1.313 m.kr. og verði 2.333 m.kr. vegna áætlunar um lægra atvinnuleysi en var upphaflega gert ráð fyrir. Í forsendum fjárlaga 2007 var gert ráð fyrir 1,9% atvinnuleysi en samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins er nú gert ráð fyrir að það verði 1,1%.

*1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva.* Óskað er eftir 77 m.kr. fjárheimild til að auka svigrúm fiskvinnslufyrirtækja til að halda starfsfólki á launaskrá þrátt fyrir minnkandi

þorskveiðar. Í samráði við Samtök fiskvinnslustöðva hefur verið ákveðið að leggja til við Alþingi að breyta lögum um hámark greiðsludaga til fyrra horfs þannig að þeir verði 60 í stað 45 og að lengsta samfellda lota geti orðið 30 dagar í stað 20. Ekki er talin þörf á að breytingin taki gildi fyrir en á næsta ári en þrátt fyrir það er þörf á aukinni fjárveitingu vegna yfirstandandi árs. Samtals er gert ráð fyrir rúmlega 200 m.kr. fjárveitingu í fjáráukalögum og fjárlögum 2008 vegna þessa. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

*1.41 Framlög og styrkir.* Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. framlag í sérstakt átak til að styrkja atvinnumál kvenna. Ljóst er að samdráttur í sjávarútvegi mun valda auknu atvinnuleysi meðal kvenna í sjávarbyggðum. Mæta þarf vanda þeirra kvenna sem missa munu störf í kjölfar minnkandi þorskveiða. Styrkveitingar til atvinnumála kvenna hafa í mörgum tilvikum gert konum kleift að móta nýja atvinnustarfsemi og um leið að leysa þær úr fjötrum atvinnuleysis. Áformað er að veita auknu fjármagni til verkefnisins í gegnum Vinnumálastofnun bæði í fjáráukalögum 2007 og fjárlögum 2008, samtals að upphæð 40 m.kr. Er vonast til að fjárveitingin leiði til þess að um 100-150 konur finni sér nýjan starfsvettvang í stað þess að verða atvinnulausar. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

*1.81 Vaxtatekjur.* Áætlað er að vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnutryggingagjaldi, hækki um 640 m.kr. frá því sem þær eru áætlaðar í fjárlögum og verði 1.400 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjunum verði 140 m.kr.

## **987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.**

*1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.* Lagt er til að útgjaldaheimild verði lækkuð um 7 m.kr. og verði 12 m.kr. til samræmis við áætlun um lægra atvinnuleysi. Áætlað er að atvinnuleysi verði að meðaltali 1,1% á árinu 2007.

## **989 Fæðingarorlof.**

*1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar.* Farið er fram á 40 m.kr. viðbótarfjárhæimild til að greiða Vinnumálastofnun fyrir umsýslu með Fæðingarorlofssjóði. Tillaga um sömu hækkun er gerð í frumvarpi til fjárlaga 2008.

## **999 Félagsmál, ýmis starfsemi.**

*1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum.* Óskað er eftir 6,5 m.kr. til Fjölmenningsseturs á Vestfjörðum. Í því felst m.a. að ráðið verður í stöður upplýsingarfulltrúa, túlka og þróunarfulltrúa. Er verkefninu einkum ætlað að koma til móts við einstaklinga af erlendum uppruna sem missa munu störf vegna aflasamdráttar. Tillagan er hluti af



mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks og er áformað að veita samtals 58 milljónum króna á næstu tveimur árum til styrkingar Fjölmenningsseturs á Vestfjörðum.

*1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti.* Óskað er eftir 250 m.kr. til að koma til móts við þau sveitarfélög sem verða fyrir tekjumissi vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks. Ljóst er að aflasamdráttur mun leiða til tekjuminnkunar hafna víða um land auk þess sem meira atvinnuleysi veldur lækkandi skatttekjum bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Veitt verður 750 milljónum króna á tímabilinu til þess að koma til móts við lækkandi tekjur sveitarfélaga vegna þessa. Ráðstöfun þessa fjár verður ákveðin í samráði við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

## 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.439,8 m.kr.

### 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Farið er fram á að 10 m.kr. óráðstöfuð fjárveiting verði færð á liðinn frá 08-379 *Sjúkrahús, óskipt* til að efla og hraða vinnu að stefnumörkun í forvörnum, lýðheilsu og geðheilbrigðismálum. Þá er lögð áhersla á styrkja enn frekar undirbúning að gerð þjónustusamninga ráðuneytisins.

### 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

*1.15 Umönnunargreiðslur.* Lagt er til að millfæra 70 m.kr. frá viðfangsefninu *1.41 Heimilisuppbót* yfir á þetta viðfangsefni til leiðréttingar á frávikum í áætlunum innan bótaflokka um félagslega aðstoð.

*1.21 Makabætur og umönnunarbætur.* Lagt er til að millfæra 40 m.kr. frá viðfangsefninu *1.41 Heimilisuppbót* yfir á þetta viðfangsefni til leiðréttingar á frávikum í áætlunum innan bótaflokka um félagslega aðstoð.

*1.41 Heimilisuppbót.* Lagt er til að millfæra 40 m.kr. frá þessu viðfangsefni yfir á viðfangsefnið *1.41 Makabætur og umönnunarbætur* til leiðréttingar á frávikum í áætlunum innan bótaflokka um félagslega aðstoð. Einnig er lagt til að millfæra 70 m.kr. frá þessu viðfangsefni yfir á viðfangsefnið *1.15 Umönnunargreiðslur* til leiðréttingar á frávikum í áætlunum innan bótaflokka um félagslega aðstoð.

## 204 Lífeyrstryggingar.

*1.11 Ellilífeyrir.* Óskað er eftir 70 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna breytingu á lögum um almannatryggingar. Með lögnum hafa atvinnutekjur 70 ára og eldri hvorki áhrif á eigin lífeyrisgreiðslur né hugsanlegar lífeyrisgreiðslur maka frá Tryggingastofnun. Lögin tóku gildi 1. júlí 2007.

*1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega.* Óskað er eftir samtals 408 m.kr. hækkun á fjárheimild viðfangsefnisins. Í fyrsta lagi er óskað eftir 210 m.kr. vegna breytingu á lögum um almannatryggingar. Með lögnum hafa atvinnutekjur 70 ára og eldri hvorki áhrif á eigin lífeyrisgreiðslur né hugsanlegar lífeyrisgreiðslur maka frá Tryggingastofnun. Lögin tóku gildi 1. júlí 2007.

Einnig er óskað eftir 198 m.kr. vegna breytinga á lögum um almannatryggingar. Kostnaðurinn er vegna lækkunar á tengingum við tekjur maka og lækkað vægi atvinnutekna til viðmiðunar við útreikninga á tekjutryggingu. Vægi á tekjum maka til útreiknings á lífeyrisgreiðslum fer úr 50% í 20% fyrir lífeyristekjur og úr 50% í 35% fyrir atvinnutekjur. Þá var vægi atvinnutekna til útreikningar á lífeyrisgreiðslum einnig lækkað þannig að einungis 60% af atvinnutekjum eru tekin til viðmiðunar.

*1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega.* Óskað er eftir 75 m.kr. vegna lækkunar á tengingum við tekjur maka. Vægi á tekjum maka til útreiknings á lífeyrisgreiðslum fer úr 50% í 20% fyrir lífeyristekjur og úr 50% í 35% fyrir atvinnutekjur.

Í fjárlögum 2007 var miðað við að 1.000 m.kr. framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða yrði greitt úr ríkissjóði. Í lögum nr. 177/2006 um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald með síðari breytingum verður framlag til jöfnunar örorkubyrðarinnar fjármagnað með mörkuðum tekjum af tryggingagjaldi og kemur í stað beinna greiðsla úr ríkissjóði. Á móti kemur jafn mikil lækkun á þeim hluta tryggingagjaldsins sem ekki er markaður til sérstakra verkefna heldur rennur til almanna-trygginga og verður því að fjármagna þau útgjöld með auknum greiðslum úr ríkissjóði. Þessi breyting hefur engin áhrif á útgjöld eða fjárveitingu liðarins.

## 206 Sjúkratryggingar.

*1.11 Lækniskostnaður.* Óskað er eftir samtals 334 m.kr. hækkun á fjárveitingu þessa viðfangsefnis. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 190 m.kr. vegna aukins lækniskostnaðar. Þar vegur þyngst endurskoðun á einingaverðum í verkgreiðslum til klínískra lækna í Læknafélagi Reykjavíkur. Samkvæmt samningi sem gerður var í lok árs 2004 segir að taka skuli einingaverð til endurskoðunar í lok árs 2006 hafi verðlag ekki þróast í samræmi við verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands. Tók nýtt einingaverð gildi í ársbyrjun og nemur jafnaðarhækkun 5,56% frá áður gerðum samningi eða 144 m.kr. Samningurinn rennur út í lok mars 2008. Hliðstæð hækkun einingaverðs rannsóknar- og röntgenlækna nemur 25 m.kr. Þá var samið um að hækka einingaverð til þeirra lækna sem skila gögnum á rafrænu formi um 2 kr. og er hækkunin metin til

20 m.kr. útgjaldaauka á ári auk sérstakra lagfæringa á gjaldskrá ákveðinna sérgreina sem nemur 6 m.kr á ári.

Í öðru lagi er lagt til að veittar verði 129 m.kr. vegna magnaukningar. Í fjárlögum 2007 var aðeins gert ráð fyrir 50 m.kr. hækkun en ljóst er að aukningin verður meiri.

Í þriðja lagi er lagt til að veittar verði 15 m.kr. til að auka aðgengi ungmenna að sjálfstætt starfandi sérfræðingum á sviði geðheilbrigðisþjónustu. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er óskað eftir 20 m.kr. framlagi til sama verkefnis.

*1.15 Lyf.* Lagt er til að veittar verði 500 m.kr. vegna aukinna lyfjaútgjalda í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Að loknum fyrstu átta mánuðum ársins stefna útgjöld Tryggingastofnunar vegna lyfja að óbreyttu í 500 m.kr. umfram fjárlög. Ástæður þessarar aukningar eru annars vegar meiri lyfjanotkun en ráð var fyrir gert og hins vegar að ráðstafanir til að draga úr vexti lyfjaútgjalda á árin 2007 til að ná fram markmiðum um aðhald með ríkisútgjöldunum gengu aðeins að hluta til eftir. Var þar m.a. stefnt að aukinni notkun samheitalyfja og samhliða innfluttra lyfja ásamt aukinni notkun á reynd ódýr lyf, áður en meðferð er færð yfir á nýrri og dýrari lyf.

### 305 Lýðheilsustöð.

*1.90 Forvarnasjóður.* Gert er ráð fyrir að fjármögnun fjárveitinga Forvarnasjóðs með beinni greiðslu úr ríkissjóði hækki um 34,7 m.kr. Í tengslum við lækkingu skatta á matvæli var gert ráð fyrir að virðisaukaskattur af áfengi lækkaði niður í 7% skattþrep en að áfengisgjald hækkaði á móti þannig að útsöluverð áfengis yrði því sem næst óbreytt. Þar sem Forvarnasjóður er fjármagnaður með 1% hlutdeild í áfengisgjaldi hefði þessi breyting á skattkerfinu leitt til aukins fjárstreymis til sjóðsins og var gert ráð fyrir hækkun á fjárheimild hans við 2. umræðu fjárlagafrumvarps ársins 2007 vegna þess. Ekki varð af hækkun áfengisgjaldsins og er því gert ráð fyrir að ríkissjóður fjármagni þessa aukningu á árinu 2007 en þá hefur einnig verið tekið mið af endurskoðaðri áætlun um tekjurnar af gjaldinu í ár. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2008 er fjármögnun sjóðsins færð í fyrra horf.

### 326 Sjónstöð Íslands.

*1.01 Sjónstöð Íslands.* Gerð er tillaga um 11,5 m.kr. framlag til aukinnar þjónustu við blinda og sjónskerta. Gert er ráð fyrir þremur nýjum stöðum umferlis- og ADL þjálfna. Einnig er lagt til að ráðið verði í þrjár stöður blindrakennara og kennsluráðgjafa sem munu starfa á öllum skólastigum og um allt land. Tillagan er hluti af bráðaðgerðum til bættrar þjónustu við blinda og sjónskertra og verða lagðar 50 m.kr. til þessa verkefnis annars vegar hjá heilbrigðisráðuneyti og hins vegar menntamálaráðuneyti. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er gerð tillaga um 16 m.kr. til þessa verkefnis hjá heilbrigðisráðuneyti.

### 373 Landspítali - háskólasjúkrahús.

*1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús.* Fjárveiting á viðfangsefninu lækkar um samtals 63,4 m.kr. vegna flutnings á verkefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 24 m.kr. til að stytta bið eftir greiningu og meðferð á Barna- og unglिंगageðdeild. Einnig er gert ráð fyrir 24 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í öðru lagi er óskað eftir 6 m.kr. til að ráða fræðslustjóra á Barna- og unglिंगageðdeild til að efla ráðgjafahlutverk sjúkrahússins. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í þriðja lagi er óskað eftir 4,6 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við geðheilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi meðan þeir hafa dvalið á meðferðarstofnunum sem reknar hafa verið með opinberum framlögum.

Í síðasta lagi er lagt til að liðurinn lækki um 98 m.kr. með flutningi fjárheimilda frá Landspítala til félagsmálaráðuneytis. Í byrjun þessa árs gerðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og félagsmálaráðherra með sér samkomulag um að félagsmálaráðuneyti tæki yfir rekstur þriggja sambýla geðfatlaðra af Landspítala. Tvö sambýli við Flókagötu fluttust 1. september 2006 til félagsmálaráðuneytis og sambýlið við Esjugrund, Kjalarnesi í ársbyrjun 2007. Samkvæmt samkomulaginu er lagt til að 90 m.kr. rekstrarfjárveiting flytjist til félagsmálaráðuneytis vegna þessa auk 8 m.kr. vegna breytinga á launum og verðlagi. Samsvarandi hækkun verður á liðnum *07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík*

### 379 Sjúkrahús, óskipt.

*1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa.* Liðurinn lækkar samtals um 5 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 5 m.kr. til að gera úttekt á starfsemi og stjórnun á Barna- og unglिंगageðdeild Landspítala. Í annan stað er farið fram á að 10 m.kr. óráðstöfuð fjárveiting á liðnum verði millifærð á liðinn *08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa*. Á árinu 2007 hefur vinna sem lýtur að stefnumörkun í forvörnum, lýðheilsu og geðheilbrigðismálum verið eflað verulega í ráðuneytinu, sem og vinna við undirbúning og gerð þjónustusamninga. Hluti þessarar vinnu hefur áður verið aðkeypt og greidd af safnliðum ráðuneytis.

### 386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna.

*1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna.* Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu vegna aukins rekstrarkostnaðar á síðustu árum vegna fleiri vistmanna en upphaflega var gert ráð fyrir. Á síðustu árum hafa vistmenn verið að jafnaði 8-9 talsins en rekstraráætlanir miðaðast við 7 vistmenn. Af þeim sökum hefur stofnunin verið rekin með halla og því er óskað eftir fjárveitingu til að greiða uppsafnaðan halla. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er gert ráð fyrir 9 m.kr. hækkun rekstrargrunns stofnunarinnar til að koma rekstri hennar í jafnvægi.

**388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.**

*1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.* Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag sem á vantar til að fjármagna 80 m.kr. hækkun á samningi við SÁÁ til loka þessa árs. Samningurinn rennur út í árslok og vel fyrir þann tíma þarf að hefja viðræður um hvort og með hvaða hætti verði framhald á þjónustukaupum milli aðila.

**399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.**

*1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit.* Farið er fram á 1,7 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við samning við Krabbameinsfélag Íslands um starfsemi leitarsviðs. Samningurinn miðast við 200.000 einingar og eru greiðslur óbreyttar haldist þær innan 93% til 107% vikiþmarka. Fjöldi eininga 2006 var 220.978. Efri vikmörk samningsins miðast við 214.000 einingar og því er farið fram á framlagi fyrir 6.978 einingum.

**500 Heilsugæslustöðvar, almennt.**

*1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt.* Óskað er eftir 7 m.kr. til að móta aðgerðaráætlun á sviði forvarna um geðvernd barna og ungmenna til lengri tíma. Óskað er eftir 2 m.kr. í tilraunaverkefni til eins árs sem miðar að því að samhæfa heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga til að þær skili notanda beggja þjónustukerfa sem mestum lífsgæðum.

*6.21 Bygging heilsugæslustöðva.* Lagt er til að veittar verðir 20 m.kr. til byggingar tengingangs milli Heilsugæslustöðvarinnar á Hellu og almenns rýmis í húsinu.

**506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.**

*1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.* Óskað er eftir 10 m.kr. framlagi til að stytta biðtíma eftir þjónustu á miðstöð heilsuverndar barna. Gert er ráð fyrir 20 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi 2008.

**721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. fjárheimild til að auka heimahjúkrun og skólaheilsugæslu en breytt aldurssamsetning íbúa á starfssvæði stöðvarinnar kallar á aukna heimahjúkrun. Einn hjúkrunarfræðingur er starfandi á heilsugæslusviði sem á að sinna stóru stafssvæði. Þá er lagt til að dagþjónusta verði eflað svo og hvíldarinnlagnir í þéttbýliskjörnum Vestur-Barðastrandarsýslu. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö þegar verkefnið er komið að fullu í framkvæmda. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Gert ráð fyrir 8 m.kr. til þessa verkefnisins í frumvarpi til fjárlaga 2008.

**725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. framlag til samþættingar heimahjúkrunar og heimaþjónustu Ísafjarðarbæjar ásamt því að efla geðheilbrigðisþjónustu. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö þegar verkefnið er komið til fullra framkvæmda. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Gert ráð fyrir 8 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi 2008.

**777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Lagt er til að veitt verði 1,5 m.kr. framlag í tilraunverkefni til eins árs sem miðar að því að samhæfa heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga svo að þær skili notendum beggja þjónustukerfa sem mestum lífsgæðum. Gert er ráð fyrir 4,5 m.kr. til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2008.

**791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Lagt er til að veitt verði 1,5 m.kr. í tilraunverkefni til eins árs sem miðar að því að samhæfa heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga svo að þær skili notendum beggja þjónustukerfa sem mestum lífsgæðum. Gert er ráð fyrir 4,5 m.kr. til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2008.

**09 Fjármálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 6.731 m.kr.

**391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.**

*1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.* Í fjárlögum 2007 var miðað við að 1.000 m.kr. framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða yrði greitt beint úr ríkissjóði. Lög sem sett voru um stuðninginn fela hins vegar í sér að framlagið verður fjármagnað með mörkuðum tekjum af tryggingagjaldi og kemur það í stað beinna greiðsla úr ríkissjóði, sem falla þá niður á þessum lið í frumvarpinu. Á móti kemur jafn mikil lækun á þeim hluta tryggingagjaldsins sem ekki er markaður til sérstakra verkefna heldur rennur til almennatrygginga og verður því að fjármagna þau útgjöld með auknum greiðslum úr ríkissjóði. Þessi breyting hefur engin áhrif á útgjöld eða fjárveitingu liðarins.

#### 405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.

*1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.* Farið er fram á að fjárheimild þessa liðar verði aukin um 400 m.kr. Í framhaldi af samkomulagi í nefnd um tekjustofna sveitarfélaga voru gerðar breytingar á lögum sem fólu í sér að felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólum og heilbrigðisstofnunum. Í samkomulaginu er við það miðað að álagningarhlutfall verði ákveðið miðað við að sveitarfélögin fái til tekinn tekjuauka vegna afnáms undanþágunnar. Í fjárlögum ársins 2007 er gert ráð fyrir 620 m.kr. fjárheimild til að standa undir auknum fasteignagjöldum ríkisins. Í þeirri fjárhæð var hins vegar ekki gert ráð fyrir greiðslu fasteignagjalda af húsnæði sjálfstætt starfandi aðila sem selja ríkinu þjónustu og hafa verið undanþegnar fasteignaskatti með sama hætti og ríkissjóður en undanþága þeirra hefur einnig verið felld niður. Ákveðið hefur verið að ríkissjóður veiti þessum aðilum aukin framlög til að mæta hækkun á fasteignagjöldum og miðast tillagan við að það eigi við um bæði árin 2006 og 2007. Gert hefur verið ráð fyrir sambærilegri hækkun á fjárveitingum viðkomandi aðila í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

#### 711 Afskriftir skattkrafna.

*1.11 Afskriftir skattkrafna.* Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka áætlun um afskrifaðar skattkröfur um 4 milljarða króna. Um er að ræða fjárheimild á mótí gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Lögð er til hækkun á fjárheimildum í ljósi þess að tekjuáætlun ríkissjóðs hefur verið endurskoðuð og að fjárhæðin hefur reynst vanmetin síðustu árin. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði.

#### 721 Fjármagnstekjuskattur.

*1.11 Fjármagnstekjuskattur.* Gert er ráð fyrir fjárheimild liðarins verði hækkuð um 1.095 m.kr. Skýrist það í fyrsta lagi af því að lögum samkvæmt er lagður 10% fjármagnstekjuskattur á hagnað af sölu eignarhlutar ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, sem fram fór í maí á þessu ári. Söluhagnaðurinn er mismunurinn á söluverðmætinu, um 7,6 milljarðar króna, og bókfærðu verðmæti, um 1,5 milljarðar, eða alls um 6,1 milljarður. Eðli málsins samkvæmt lá ekki fyrir að af þessari sölu yrði við afgreiðslu fjárlaga.

Í öðru lagi hefur afkoma ríkissjóðs á árinu orðið talsvert betri en áætlað var og inneignir í Seðlabanka aukist af þeim sökum. Ríkissjóðir fær vaxtatekjur af inneignunum og greiðir af þeim fjármagnstekjuskatt.

Fjármagnstekjuskatturinn færirst einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hafa þessar breytingar því engin áhrif á afkomu ársins.

**981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.**

*5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti.* Lögð er til 333 m.kr. fjárveiting til framkvæmda við endurbætur og viðhald fasteigna og mannvirkja í eigu ríkisins, bæði á vegum Fasteigna ríkissjóðs og heilbrigðisráðuneytisins. Nánari ákvörðun um tilhögun verkefnisins verður tekin af fjármálaráðherra og verður sérstaklega litið til þeirra sveitarfélaga og svæða þar sem í ljós kemur að aflasamdráttur í þorski muni leiða til fækkunar starfa. Fyrirhugað er að fjárheimildir verði færðar af þessum lið til Fasteigna ríkissjóð og viðkomandi fjárlagaliða heilbrigðisráðuneytisins eftir því hvaða framkvæmdir verða ákveðnar. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

**984 Fasteignir ríkissjóðs.**

*5.21 Viðhald fasteigna.* Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. fjárveiting til liðarins. Fjármálaráðuneytið fól Fasteignum ríkisins umsýslu fasteigna í Gunnarsholti, þ.e. í Akurhóli og Kornbrekku, sem áður tilheyrðu starfsemi Götusmiðjunnar og þar áður vistheimili ríkisins í Gunnarsholti. Húseignir þessar eru flestar í mjög slæmu ástandi þar sem viðhald á þeim hefur verið lítið á undanförunum árum. Sum húsin þarf að rífa niður en önnur þurfa verulegt viðhald svo þau verði nothæf. Um er að ræða kostnað vegna viðhalds þriggja íbúðarhúsa og niðurrifs og förgun þeirra húsa sem þarf að farga.

**985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.**

*1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.* Gert er ráð fyrir 280 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við rekstur og umsjón með fyrrum varnarliðssvæði við Keflavíkurflugvöll. Kostnaðurinn felst m.a. í umsýslu, viðhaldi, öryggisgæslu, umhirðu og öðrum húsnæðiskostnaði. Stofnað hefur verið þróunarfélag sem mun annast um rekstur svæðisins. Er fjárveitingunni einnig ætlað að standa undir kostnaði við þróun og umbreytingu á svæðinu. Fjárveitingin verður lækkuð þegar fasteignir á svæðinu verða settar í sjálfbær borgaraleg not. Í fjárlögum 2007 var gert ráð fyrir að verkefnið yrði í höndum utanríkisráðuneytisins og lækkar fjárveiting vegna þessa kostnaðar á þeim fjárlagalið þar sem það hefur verið flutt til fjármálaráðuneytisins.

**989 Launa- og verðlagsmál.**

*1.90 Launa- og verðlagsmál.* Lagt er til að veitt verði 500 m.kr. fjárveiting í frumvarpinu vegna breytinga á launaforsendum. Í fjárlögum er fjárheimild þessa liðar 290,3 m.kr. Gert er ráð fyrir að ráðstafa þurfi af honum 100 m.kr. til stofnana til að mæta 3,6% hækkun á launum þeirra sem falla undir Kjarráð frá 1. október 2006 sem ráðið úrskurðaði 19. desember sl. eftir afgreiðslu fjárukalaga 2006 og fjárlaga 2007. Um er að ræða hækkun á launakostnaði síðustu þrjá mánuði ársins 2006 en fjárheimildin



færist á þetta ár. Einnig er ráðstafað af liðnum 545,5 m.kr. fjárheimild til stofnana vegna áhrifa af þeim úrskurði á launakostnað þessa árs og af öðrum úrskurði Kjaraáðs um 2,6% hækkun frá 1. júlí sl. ásamt áhrifum af breytingu á stofnanasamningum sjúkraliða hjá heilbrigðisstofnunum frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í kjarasamningi og fjárlögum. Þá er gert ráð fyrir um 150 m.kr. fjárheimild vegna ýmissa annarra minni tilefna. Að samanlögðu verður því þörf fyrir 500 m.kr. fjárheimild á launa- og verðlagsliðnum umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum.

### 999 Ýmislegt.

*1.90 Ýmis verkefni.* Óskað er eftir samtals 113 m.kr. hækkun fjárheimildar á þessu fjárlagalið. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 80 m.kr. til Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BSRB, BHM og KÍ til þess að koma til móts við þá fjárhagslega afkomu sjóðsins sem hlaust af lengingu viðmiðunartímabils launa hjá Fæðingarorlofssjóði. Með breytingu á viðmiðunartímabili Fæðingarorlofssjóðs urðu greiðslur hjá Fjölskyldu- og styrktarsjóði til félagsmanna sjóðsins hærri en áður. Um er að ræða tímabilið 2005 til miðs árs 2007.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 33 m.kr. framlag til eflingar mannauðs hjá ríkinu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 22. júní 2006, sem gefin var í tengslum við niðurstöðu forsendunefndar ASÍ og SA, er til viðbótar við almennar ráðstafanir gert ráð fyrir sérstakri hækkun á framlagi til þjónustusamnings menntamálaráðuneytis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Undirritað var samkomulag við stéttarfélög innan vébanda BSRB, KÍ og BHM um hliðstæðan styrk til eflingar mannauðsmála hjá ríkinu sem skipt verður á milli bandalaganna og verkefna. Gert er ráð fyrir að styrkurinn vari til loka kjarasamningatímans eða fram undir lok apríl á árinu 2008 og er því einnig gerð tillaga um 11 m.kr. framlag vegna málsins í frumvarpi til fjárlaga ársins 2008.

## 10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 322,2 m.kr.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.19 Útgáfa ökuskírteina.* Lagt er til að millifærð verði 15,9 m.kr. fjárheimild af þessu viðfangsefni til *06-303 Ríkislögreglustjóra*. Í kjölfar flutnings umferðarmála og umferðaröryggismála frá dómsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins fluttist ábyrgð og fjárveiting vegna útgáfu ökuskírteina einnig til samgönguráðuneytisins. Embætti ríkislögreglustjóra ber hins vegar ábyrgð á ökuskírteinaskrá og gerir samninga við birgja um kaup á kortum og framleiðslu þeirra. Samningur um framleiðslu ökuskrírteina rann út á þessu ári og er talið heppilegt að endurskoða fyrirkomulag

framleiðslu þeirra. Með vísan til þessa hefur það orðið að samkomulagi milli ráðuneytanna að ábyrgð á framleiðslu skírteinanna verði að fullu hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er gert ráð fyrir sambærilegri tilfærslu fjárveitingar milli ráðuneytanna.

*1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.* Farið er fram á að heimiluð verði millifærsla á 40 m.kr. framlagi sem Alþingi veitti með gildandi fjárlögum vegna átaks í landkynningu. Sá misskilningur varð við tillögugerðina að tillagan kom fram undir fjárlagaviðfangi sem tilheyrir Ferðamálastofu í stað fjárlagaviðfangsins þar sem framlag til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu er vistað, en það tilheyrir ýmsum verkefnum ráðuneytisins.

*1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis.* Lagt er til að veitt verði 28 m.kr. fjárveiting til að gera menningarsamninga á landsbyggðinni. Er það hlutur samgönguráðuneytis í samningunum vegna menningartengdrar ferðaþjónustu. Um er að ræða samninga við Fjórðungssamband Vestfjarða, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Eyþing, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

## **211 Rekstur Vegagerðarinnar.**

*1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa.* Óskað er eftir samtals 343,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu þessa viðfangsefnis. Í fyrsta lagi er farið fram á 313,5 m.kr. vegna uppsafnaðs halla á viðfangsefninu. Við undirbúning vegna 2. umræðu fjárukalaga 2006 kom fram tillaga frá Vegagerðinni um fjárframlag vegna þessa. Tillagan hlaut ekki framgang en í kjölfar hennar var farið í athuganir í því skyni að staðreyna þann halla sem orðinn var á viðfangsefninu og tilurð hans. Niðurstaða hennar var að uppsafnaður halli um síðustu áramót og halli þessa árs stefnir í að verða samtals 313,5 m.kr.

Í öðru lagi er farið fram á 30 m.kr. vegna fjölgunar ferða ferjunnar Herjólfis milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Fram kom ósk frá bæjarstjórn Vestmannaeyja um að fjölga ferðum Herjólfis í þrjár á dag á mikilvægum ferðadögum. Snýst þetta einkum um föstudaga en þó jafnframt nokkra aðra daga þegar að mikils fjölda ferðamanna er að vænta og mikil eftirspurn er vegna flutnings bíla og fylgivagna. Tillagan snýst um að bætt sé við rúmlega 20 ferðum sem yrðu þá væntanlega næturferðir viðkomandi daga.

## **471 Flugmálastjórn Íslands.**

*1.01 Flugmálastjórn Íslands.* Óskað er eftir samtals 125,7 m.kr. hækkun á þessum fjárlagalið. Í fyrst lagi er lagt til að veitt verði 106,6 m.kr. vegna biðlauna hjá Flugmálastjórn Íslands. Við niðurlagningu á starfsemi flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs Flugmálastjórnar Íslands myndaðist biðlaunaréttur hjá u.þ.b. 60 starfsmönnum stofnunarinnar í 6-12 mánuði. Lagt er til að ríkissjóður taki á sig skuldbindingar vegna þessa. Í annan stað er í frumvarpinu farið fram á að fjárheimild viðfangsefnisins verði hækkuð um 19,1 m.kr. með millifærslu af viðfangsefninu *10-475-1.01 Flugvellir og*

*flugleiðsöguþjónusta*. Er sú breyting gerð til leiðréttingar á millifærslu sem gerð var af þessu viðfangsefni í fjárlögum 2007.

#### **475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.**

*1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta*. Farið er fram á að framlag til viðfangsefnisins verði lækkað um 19,1 m.kr. með millifærslu á viðfangsefnið *10-471-1.01 Flugmála-stjórn Íslands*. Millifæra átti framlagið í fjárlögum ársins 2007 til umhverfisráðuneytis. Millifærslan var fyrir misskilning gerð af öðru viðfangsefni.

#### **521 Fjarskiptasjóður.**

*6.41 Fjarskiptasjóður*. Áætlað er að Fjarskiptasjóður hafi 140 m.kr. vaxtatekjur af inn-eign hjá ríkissjóði og lækkar því beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins sem því nemur, en heildarútgjöld verða eftir sem áður 500 m.kr.

#### **651 Ferðamálastofa.**

*1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis*. Farið er fram á að 9 m.kr. fjárheimild verði millifærð af öðru viðfangsefni stofnunarinnar. Samstarfssamningur við Grænland og Færeyjar sem vistaður er undir viðfangsefninu 10-651-1.15 rann út og nýr samningur mun ekki taka gildi í beinu framhaldi hins fyrri. Því er óskað eftir að fjárheimild þess viðfangsefnis verði millifærð yfir á þetta viðfangsefni. Einnig er farið fram á að heimiluð verði millifærsla á 40 m.kr. framlagi sem Alþingi veitti með gildandi fjárlögum vegna átaks í landkynningu. Sá misskilningur varð við tillögugerðina að tillagan kom fram undir fjárlagaviðfangi sem tilheyrir Ferðamálastofu í stað viðfangsefnisins 10-190-1.44 þar sem framlag til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu er vistað, en það tilheyrir ýmsum verkefnum ráðuneytisins.

*1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar*. Farið er fram á að heimild verði veitt til að millifæra á annað viðfangsefni stofnunarinnar ónýtta fjárheimild að fjárhæð 9 m.kr. Samstarfssamningur um verkefni það sem viðfangsefnið fjármagnar rann út og nýr samningur mun ekki taka gildi í beinu framhaldi hins fyrri.

## **11 Iðnaðarráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 392,2 m.kr.

#### **101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa*. Lagt er til að 2,2 m.kr. millifærsla sem gerð var á fjárlögum 2007 frá faggildingarsviði Einkaleyfastofu til aðalskrifstofu ráðuneytisins gangi til baka.

## 102 Einkaleyfastofan.

*1.01 Einkaleyfastofan.* Lagt er til að 2,2 m.kr. millifærsla sem gerð var á fjárlögum 2007 frá faggildingarsviði Einkaleyfastofu til aðalskrifstofu ráðuneytisins gangi til baka. Í annan stað er gerð tillaga um 5,7 m.kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs. Í áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar árið 2007 er gert ráð fyrir að tekjur hennar fyrir utan tekjur faggildingarsviðs hækki um 8,6 m.kr. Framlag ríkissjóðs til reksturs faggildingarsviðs var lækkað sem nam þessum tekjuauka, en að frátöldum 2,9 m.kr. launa- og verðlagsbótum á fjárlögum 2007 er fjárþörfin 5,7 m.kr. Auk þess er í annarri tillögu lagt til að 2,2 m.kr. millifærsla frá Einkaleyfastofu til aðalskrifstofu ráðuneytisins gangi til baka. Að þessu gerðu hefur Einkaleyfastofa 21,8 m.kr. fjárveitingu árið 2007 til reksturs faggildingarsviðs. Fjárveitingin er fjármögnuð með 12,6 m.kr. framlagi úr ríkissjóði og 9,2 m.kr. ríkistekjum fyrir faggildingu.

## 201 Iðntæknistofnun Íslands.

*1.01 Iðntæknistofnun Íslands.* Óskað er eftir að 88,2 m.kr. af fjárheimildum Iðntæknistofnunar Íslands verði fluttar yfir á *11-205-1.01, Nýsköpunarmiðstöð Íslands* sem tók við eignum, réttindum og skyldum stofnunarinnar þann 1. ágúst 2007 skv. lögum nr. 75/2007.

## 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

*1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.* Óskað er eftir að 42,2 m.kr. af fjárheimildum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins verði fluttar yfir á *11-205-1.01, Nýsköpunarmiðstöð Íslands* sem tók við eignum, réttindum og skyldum stofnunarinnar þann 1. ágúst 2007 skv. lögum nr. 75/2007.

## 205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

*1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands.* Óskað er eftir 223,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er að hluta til vegna millifærslna. Í fyrsta lagi er óskað eftir að 88,2 m.kr. fjárheimild verði flutt af liðnum *11-201 Iðntæknistofnun Íslands* til Nýsköpunarmiðstöðvarinnar sem tók við eignum, réttindum og skyldum stofnunarinnar þann 1. ágúst 2007 skv. lögum nr. 75/2007. Á sama hátt er óskað eftir að 42,2 m.kr. af fjárheimildum *11-203 Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins* verði fluttar til Nýsköpunarmiðstöðvarinnar.

Í öðru lagi er óskað eftir að 80,2 m.kr. framlag verði veitt til að standa undir kostnaði af starfslokasamningum við starfsmenn Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins sem nýta munu sér rétt sinn til biðlauna skv. 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Nýsköpunarmiðstöðin ber ábyrgð á uppgjöri við þá starfsmenn sem ekki mun vera hægt að bjóða sambærileg störf og þeir höfðu áður.

Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag með það að markmiði að efla nýsköpun og atvinnuþróun á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að ráðstafað verði 18 m.kr. til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2008. Verkefnið felur í sér að koma á fót starfsstöð nýsköpunarmiðstöðvar Impru sem í samvinnu við Byggðastofnun og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða leggi áherslu á eflingu atvinnulífs í fjórðungnum. Starfsstöðin verði hluti af Þróunarsetrinu á Ísafirði þar sem unnið er að samþættingu háskólakennslu, háskólarannsóknna, starfsemi opinberra rannsóknastofnana og margs konar stuðningsþjónustu sem rekin er fyrir atvinnulífið. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Í fjórða lagi er óskað eftir 4 m.kr. fjárveitingu til eflingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Vestmannaeyjum. Gert er ráð fyrir að árlega verði 12 m.kr. veitt til verkefnisins árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Í fimmta og síðasta lagi er óskað eftir 4 m.kr. fjárveitingu til eflingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Höfn. Gert er ráð fyrir að árlega verði 12 m.kr. veitt til verkefnisins árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

### **301 Orkustofnun.**

*1.01 Orkustofnun.* Sótt er um 55 m.kr. fjárveitingu til grunnrannsókna á veðurfari, öldufari og straumum á fyrirhuguðu oliuleitarsvæði, Drekasvæðinu á Jan Mayen hrygg, en rannsóknirnar eru til undirbúnings útgáfu sérleyfa til rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á svæðinu. Stefnt er að því að hægt verði að bjóða út slík sérleyfi í september 2008. Til rannsóknanna þarf að kaupa veður-, öldumælinga- og straum-mælingadúfl og koma þeim fyrir á svæðinu áður en vetur skellur á. Takist það ekki verður nær heils árs töf á verkefninu þar sem þessum upplýsingum þarf að safna í a.m.k. eitt ár til að þær nýtist við útboð leyfa. Þessu til viðbótar er lagt til að veitt verði 11 m.kr. til að kosta hluta af vísindaprætti íslenska djúpbörunarverkefnisins. Markmið verkefnisins er að kanna hugsanlega nýtingu varma úr rótum háhitakerfa á allt að 5 km. dýpi og virkja með því móti mun meiri orku úr háhitnum en áður hefur verið gert. Vegna kostnaðarhækkana og endurskoðaðra áforma er nú áætlað að kostnaður ríkisins verði um 350 m.kr., sem einkum fellur til á árunum 2009 og 2010.

### **375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.**

*1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.* Lagt er til að fjárheimild verði aukin um 15 m.kr. vegna 8% hækkunar á dreifbýlisgjaldskrá RARIK árið 2007.

**399 Ýmis orkumál.**

*1.12 Jarðhitaleit.* Óskað er eftir 50 m.kr. fjárveitingu til jarðhitaleitar víðs vegar um landið, meðal annars á Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi og Austfjörðum. Gert er ráð fyrir að árlega verði 50 m.kr. veitt til verkefnisins árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

**401 Byggðaáætlun.**

*1.10 Byggðaáætlun.* Annars vegar er óskað eftir 30 m.kr. fjárveitingu til vaxtarsamninga á Norðurlandi eystra. Gert er ráð fyrir að árlega muni 30 m.kr. verða veitt til verkefnisins árin 2008 og 2009. Hins vegar er óskað eftir 30 m.kr. fjárveitingu til vaxtarsamninga á Norðurlandi vestra. Gert er ráð fyrir að árlega muni 30 m.kr. verða veitt til verkefnisins árin 2008 og 2009. Báðar tillögurnar eru hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

**411 Byggðastofnun.**

*1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni.* Óskað er eftir samtals 108 m.kr. fjárheimild til liðarins. Í fyrsta lagi er óskað eftir 100 m.kr. fjárveitingu til eflingar starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni með það að markmiði að auka stuðning við nýsköpun og þróun nýrra atvinnutækifæra og starfsemi. Gert er ráð fyrir að 100 m.kr. verði veitt til þessa verkefnis árið 2009. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag með það að markmiði að efla atvinnulíf og samfélag í Vestur-Barðastrandasýslu með uppbyggingu sameiginlegrar starfstöðvar stofnana er vinna að menntun, rannsóknum, nýsköpun og atvinnuþróun. Gert er ráð fyrir að ráðstafað verði 24 m.kr. til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2008. Áætlað er að störfum fjölgi um þrjú vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. framlag með það að markmiði að efla atvinnulíf og samfélag í Strandasýslu með uppbyggingu sameiginlegrar starfstöðvar stofnana er vinna að menntun, rannsóknum, nýsköpun og atvinnuþróun. Gert er ráð fyrir að ráðstafað verði 9 m.kr. til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2008. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

## 12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 48,6 m.kr.

### 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Óskað er eftir samtals 38,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 25,4 m.kr. í auknar fjárheimildir til að standa undir kostnaði við breytta yfirstjórn viðskiptaráðuneytis vegna breytinga á Stjórnarráðinu.

Í öðru lagi er óskað eftir 13,2 m.kr. vegna kostnaðar ráðuneytisins í tengslum við peningaþvættisverkefni. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og eftirfylgni innleiðingarinnar. Ennfremur eftirfylgni úttekta FATF (Financial Action Task Force) á aðgerðum íslenskra stjórnvalda á þessu sviði sem fram fór árið 2006.

### 411 Samkeppniseftirlitið.

*1.01 Samkeppniseftirlitið.* Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til að standa undir kaupum á nýjum húsbúnaði og til að greiða kostnað við flutning og uppsetningu tölvukerfis fyrir stofnunina í nýju húsnæði. Samkeppniseftirlitið hefur tekið á leigu nýtt húsnæði að Borgartúni 26. Húsbúnaður sá sem Samkeppniseftirlitið hefur yfir að ráða nú er allt að 20 ára gamall og að verulegu leyti úr tíð Verðlagsstofnunar, sem lögð var niður árið 1993. Er húsbúnaðurinn talinn ónýtur og því óhjákvæmilegt að festa kaup á nýjum húsbúnaði að nær öllu leyti.

## 14 Umhverfissráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfissráðuneytis verði aukin um 50 m.kr.

### 101 Umhverfissráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Umhverfissráðuneyti, aðalskrifstofa.* Óskað er eftir samtals 5,4 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Annars vegar er farið fram á 3 m.kr. fjárveitingu vegna nýrrar stöðu sérfræðings við Umhverfisstofnun Evrópu. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008 er jafnframt sótt um 10 m.kr. framlag vegna stöðunnar. Hins vegar er farið fram á 2,4 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar sem féll á ríkið í tengslum við strand skipsins Wilson Muuga. Samkvæmt samningi milli eiganda skipsins og íslenska ríkisins um skiptingu kostnaðar vegna strandsins var hámarksframlag ríkisins 15 m.kr. Nýlega var gengið frá endanlegu uppgjöri og reyndist kostnaður ríkisins 2,4 m.kr.

## 211 Umhverfisstofnun.

*1.01 Umhverfisstofnun.* Óskað er eftir að fjárveiting stofnunarinnar hækki um samtals 27,6 m.kr.. Í fyrsta lagi er farið er fram á heimild til að flytja 96 m.kr. fjárheimild af viðfangsefni viðhalds í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum yfir á almennan rekstur stofnunarinnar. Fjárveitingar til viðhaldsverkefna hafa verið umfram bókfærð útgjöld á umliðnum árum og þar hefur safnast upp afgangur á meðan halli hefur verið á almennum rekstri. Á miðju þessu ári sameinuðust þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum Vatnajökulsþjóðgarði og er því fyrirséð lækkun á útgjöldum Umhverfisstofnunar vegna viðhalds í þjóðgörðum.

Í öðru lagi er sótt um 20 m.kr. fjárveitingu til að setja á fót gestastofu á Ísafirði sem tengist friðlandinu á Hornströndum. Koma þarf upp aðstöðu fyrir gesti og starfsfólk og setja upp sýningar. Áætlaður kostnaður við innréttingar og gerð sýninga er 16 m.kr. og rekstrarkostnaður í ár er áætlaður 4 m.kr. Gert er ráð fyrir að í gestastofunni starfi landvörður í heilsársstarfi, auk sumarstarfsfólks. Með því að gera starf landvarðar að heilsársstarfi er hægt að vinna að fræðslumálum, markaðssetningu og skipulagi ferðamennsku innan friðlandsins á vetrartímanum. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er jafnframt sótt um 15 m.kr. rekstrarframlag í þessu skyni. Áætlað er að tilkoma stofunnar fjölgi störfum á Vestfjörðum sem svarar einu og hálfu stöðugildi, þar af einu í ár. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Í þriðja og síðasta lagi er farið fram á 7,6 m.kr. fjárveitingu vegna biðlauna og áunnins orlofs fyrrverandi starfsmanna á rannsóknarstofu stofnunarinnar vegna stofunnar til Matís ohf. um síðustu áramót.

*5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði.* Farið er fram á heimild til að flytja 96 m.kr. af uppsafnaðri fjárheimild á viðfangsefni viðhalds í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum yfir á almennan rekstur eins og að framan greinir.

## 287 Úrvinnslusjóður.

*1.10 Úrvinnslusjóður.* Áætlað er að Úrvinnslusjóður hafi 120 m.kr. vaxtatekjur af inn eign sinni hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra markaðra tekna af úrvinnslugjaldi og er það 50 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði heimilað að ráðstafa vaxtatekjunum til starfsemi sinnar á sama hátt og mörkuðum ríkistekjum. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af úrvinnslugjaldi gerir ráð fyrir að tekjurnar lækki um 160 m.kr. frá því sem þær voru áætlaðar á fjárlögum 2007. Með lögum nr. 15/2007 sem tóku gildi 1. mars sl. var lækkað úrvinnslugjald á umbúðir úr pappa, pappír og plasti og á olíuvörur, prentliti og hjólbarða. Lækkuninni er ætlað að draga úr sjóðsmyndun sem átt hefur sér stað í þessum flokkum, en reynslan hefur sýnt að kostnaður vegna meðhöndlunar þessa úrgangs er lægri en menn reiknuðu með þegar gjöldin voru ákvörðuð.



### 381 Ofanflóðasjóður.

*6.60 Ofanflóðasjóður.* Farið er fram á 250 m.kr. fjárveitingu til framkvæmda við ofanflóðavarnir í Bolungarvík, Siglufirði, Vesturbyggð og Snæfellsbæ í samræmi við framkvæmdaáætlun sjóðsins fyrir árið 2007. Þá er áætlað að vaxtatekjur Ofanflóðasjóðs af inneign hjá ríkissjóði, vegna óráðstafaðra tekna af ofanflóðasjóðsgjaldi, hækki um 100 m.kr. frá því sem þær eru á fjárlögum og verði 360 m.kr. Fjármagnstekjuskattur hækkar við það um 10 m.kr.

### 401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

*1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands.* Óskað er eftir samtals 6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Í fyrsta lagi er sótt um 3 m.kr. fjárveitingu til gróðurkortagerðar á Vestfjörðum. Takmörkuð gróðurkortagerð hefur farið fram á Vestfjörðum en sú sem er til á gömlum loftmyndum hefur ekki verið staffærð og engin gróðurkort verið gefin út. Gert er ráð fyrir að stór hluti kortagerðarinnar verði unnin fyrir vestan og er Náttúrufræðistofnun Íslands ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um verkefnið. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er jafnframt sótt um 12 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár til verkefnisins. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Þá er farið fram á 3 m.kr. fjárveitingu til að efla fuglarannsóknir og fuglavöktun á Vestfjörðum. Þar eru einhverjar mestu sjófuglabyggðir landsins. Náttúrufræðistofnun Íslands er ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um að annast rannsóknarverkefnið. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er jafnframt sótt um 6 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins í fimm ár. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

*6.11 Bifreiðar.* Sótt er um 3 m.kr. fjárveitingu til kaupa á nýrri bifreið í stað bifreiðar sem eyðilagðist í veltu fyrir á þessu ári. Miðað við verkefni og þarfir stofnunarinnar verður hún að hafa yfir að ráða þremur bifreiðum. Á álagstímum er aukinni þörf fyrir bifreiðar mætt með leigusamningum.

### 410 Veðurstofa Íslands.

*1.01 Almenn starfsemi.* Farið er fram á 5 m.kr. fjárveitingu til að koma upp samhæfðum gagnagrunni yfir stöðvarekstur Veðurstofunnar og athugasögur frá upphafi. Kröfur um áreiðanleika veðurgagna hafa aukist mjög á síðari árum, ekki síst vegna rannsókna á veðurfarsbreytingum. Gert er ráð fyrir að skráning á eldri hluta gagnasögunnar fari fram á Ísafirði. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er jafnframt sótt um 7 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

*6.11 Bifreiðar.* Farið er fram á 3 m.kr. fjárveitingu til að endurnýja bifreið stofnunarinnar. Veðurstofan rekur umfangsmikið stöðvakerfi víða um land vegna veðurathugana, jarðskjálftavöktunar, snjóflóðeftirlits o.fl. Til að sinna eftirliti, rekstri og viðhaldi þessara stöðva þarf stofnunin öflugra bifreið sem nota má til þeirra verka, enda eru margar stöðva utan byggða og alfaraleiða. Núverandi bifreið stofnunarinnar er úr sér gengin og er hvorki öruggt eða fjárhagslega hagkvæmt að nota hana lengur.

## 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjöld ríkissjóðs verði aukin um 1.178,5 m.kr.

### 801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

*1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs.* Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2007 bendir til þess að gjaldfærðir vexti hækki um 1.044 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2007 og verði 21.673 m.kr. en að greiddir vextir lækki um 82 m.kr. og verði 16.723 m.kr. Hækkun gjaldfærðra vaxtagjalda stafar aðallega af auknum vöxtum af inneignum Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ofanflóðasjóðs, Úrvinnslusjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði en Fjarskiptasjóður bætist nú í þann hóp. Auk þess er er gert ráð fyrir 134,5 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins í tengslum við kaup ríkissjóður á hlut sveitarfélaga í Landsvirkjun en gefin voru út skuldabréf fyrir hluta af söluverðinu. Ríkissjóður er ekki undanþeginn greiðslu stimpilgjalda af skuldabréfunum þar sem ekki er um að ræða útgáfu skráðra bréfa á skipulögðum markaði. Stimpilgjöldin færast því á þennan fjárlagalið sem lántökukostnaður. Sama fjárhæð færist sem tekjur af stimpilgjöldum á tekjuhlið og hefur því engin áhrif á afkomu ríkissjóðs. Samtals hækkar vaxtagjaldaliðurinn því um 1.178,5 m.kr. í frumvarpinu.